GAMANSÖNGLEIKURINN

JÓLAÆVINTÝRI HUGLEIKS

Í GAMLA BÍÓ

Byggt á jólasögu eftir Charles Dickens

MIÐASALA Á TIX.IS

Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson



Höfundar: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Sigrún Óskarsdóttir, Snæbjörn Ragnarsson og Þorgeir Tryggvason

LEIKFÉLAGIÐ HUGLEIKUR 2023

www.hugleikur.is

HUGLEIKUR


Egils
MALT
Egils
MALTEXTRAK
1913
Egils
APPELSÍN
MALT & APPELSÍN
Blandan mín
& blandan þín

Efnisyfirlit



04 **Jólaævintýri Hugleiks**
Leikskrá fyrir sýninguna í Gamla bíó

16 **Verkefnalisti Hugleiks**
Yfirlit yfir 40 ára verkefnasögu Hugleiks

22 **Hugleikur – Höfundaleikhús**
Eitt af einkennum félagsins er að það setur aðeins frumsamið efni á svið

25 **Þótt ótrúlegt megi virðast þá er ég ekki laglaus**
Tónlist hefur ávallt verið stór partur af hugleikskri menningu

28 **Viðtöl**
Ingibjörg Hjartardóttir,
Unnur Guttormsdóttir
og Silja Aðalsteinsdóttir

38 **Hugleikur á faraldsfæti**
Leikfélagið hefur haldið í ótal leikferðir

44 **Leikstjórar og höfundar**
Listar yfir þá leikstjóra og höfunda sem hafa starfað með leikfélaginu

Afmælisrit Hugleiks

Útgefandi:
Leikfélagið Hugleikur
2023

Stjórn Hugleiks:
Fríða Bonnie Andersen
Gréta Sóley Arngrímsdóttir
Helga Enea Símónardóttir
Lúkas Elí Harðarson
Margrét Þorvaldsdóttir
Sesselja Traustadóttir

Ritstjóri:
Ásta Gísladóttir

Ritnefnd:
Árni Hjartarson,
Hjördís Hjartardóttir
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Þorgeir Tryggvason

Pennar:
Pétur Húni
Sævar Sigurgeirsson
Sigurður H. Pálsson
Snæbjörn Ragnarsson

Forsíða:
Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir

Ljósmyndir úr sýningu:
Jón Örn Bergsson

Aðrar myndir:
Ýmsir

Umbrot:
Ásta Gísladóttir

Prentun:
Litróf

Jólaævintýri Hugleiks

Leikstjóri:	Gunnar Björn Guðmundsson
Höfundar:	Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
	Sigrún Óskarsdóttir
	Snæbjörn Ragnarsson
	Þorgeir Tryggvason
Höfundar tónlistar:	Snæbjörn Ragnarsson
	Þorgeir Tryggvason
„Hvarf séra Odds frá Miklabæ“:	Einar Benediktsson

Persónur og leikendur

Ebenezer eldri:	Pétur Húni
Ebenezer ungur:	Axel Pétur Ólafsson
Bella:	Katla Dögg Hólmarsdóttir
Þórunn:	Sigurlaug Arnardóttir
Kristján:	Einar Þór Einarsson
Tommi:	Úlfhildur Stefanía Jónsdóttir
Anna:	Guðlaug Nóa Einarsdóttir
Lína:	Kristín Hrafnhildur Hayward
Friðrik:	Gísli Björn Heimisson
Kapitóla:	Sigríður Bára Steinþórsdóttir
Séra Frosti:	Hjörvar Pétursson
Frú Fjóla:	Hrafnhildur Brynjólfsdóttir
María:	Nína Björk Jónsdóttir
Magdalena:	Helga Enea Símonardóttir
Heiðlaug Svan:	Sigríður Birna Valsdóttir
Ragnheiður:	Kristín Svanhildur Helgadóttir
Sólveig:	Hrafnhildur Þórólfsdóttir
Séra Oddur:	Fríða Bonnie Andersen
Móri:	Þorbjörg Erna Mímisdóttir
Glámur:	Axel Pétur Ólafsson
Sveitungar og púkar:	Gígja Sigurðardóttir, Guðlaug Nóa Einarsdóttir, Helga Enea Símonardóttir, Kristín Hrafnhildur Hayward, Lúkas Elí Harðarson, Margrét Helga Jónsdóttir, Þorbjörg Erna Mímisdóttir, Úlfhildur Stefanía Jónsdóttir



HLJÓMSVEITIN DALAKOLLAR

Einar Ingi Ágústsson:	bassi
Fríða Bonnie Andersen:	trompet, xýlófónn, hristur
Hjörleifur Ingason:	hljómborð
Kristín Svanhildur Helgadóttir:	Inúítatromma
Oddur Sigmundsson:	gítar
Sigríður Bára Steinþórsdóttir:	xýlófónn
Örvar Erling Árnason:	trommur

Framkvæmdastjóri:	Sesselja Traustadóttir
Kórstjóri:	Björn Thorarensen
Söngstjórar:	Hrafnhildur Þórólfsdóttir, Kristín Svanhildur Helgadóttir, Sigurlaug Arnardóttir, Þorgeir Tryggvason
Ljósahönnun og stýring:	Bjartur Sigurjónsson
Leikmyndahönnun:	Jón Örn Bergsson
Ráðgjöf við leikmyndahönnun:	Stígur Steinþórsson
Danshöfundur:	Hrefna Hjörvarsdóttir
Leikmynd:	Jón Örn Bergsson, Sjöfn María Guðmundsdóttir, Þórarinn Stefánsson
Leikmunir:	Sesselja Traustadóttir, Úlfhildur Stefanía Jónsdóttir
Hár og förðun:	Elsa Dóra Grétarsdóttir, Sjöfn María Guðmundsdóttir, Þóra Erlingsdóttir
Búningar:	Dóra Hjálmarsdóttir, Gígja Sigurðardóttir, Hrefna Hjörvarsdóttir, Þórunn Guðmundsdóttir
Hvíslarar:	Fríða Bonnie Andersen, Gréta Sóley Arngrímsdóttir, Hrefna Hjörvarsdóttir, Sesselja Traustadóttir
Leikskrá:	Ásta Gísladóttir
Markaðsmál:	Fríða Bonnie Andersen, Gréta Sóley Arngrímsdóttir, Helga Enea Símonardóttir, Sesselja Traustadóttir
Gjaldkeri sýningar:	Margrét Þorvaldsdóttir
Ljósmyndir:	Jón Örn Bergsson
TikTok:	Lilja Petrea Linda Aradóttir
Þakkir:	Ástríki útgáfa, Bernhöftsbakarí, Bókaútgáfan Uglan, Búningadeild RÚV, Dominos Pizza á Íslandi, Fjóla Jónsdóttir, Gamla bíó, Hólmfríður Sigurðardóttir, Ísblik, Jón Páll Baldvinsson, Ljótu hálfvitarnir, Mundo, Ninna Karla Katrínardóttir, Sólrún Hedda Benedikz, Ungmennafélag Biskupstungna - leikdeild.



Kæri leikhúsgestur,

það er með miklu stolti sem ég býð þig velkominn í Gamla Bíó að sjá *Jólaævintýri Hugleiks* eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur, Sigrúnu Óskarsdóttur, Þorgeir Tryggvason og Snæbjörn Ragnarsson. Verkið er byggt á á *A Christmas Carol* eftir Charles Dickens. Þorgeir og Snæbjörn eru einnig höfundar tónlistarinnar. Leikritið er stórskemmtilegt og tónlistin þjónar sögunni virkilega vel.

Það var snemma á þessu ári sem ákveðið var að ráðast í þetta stóra verk. Stefnan var strax sett á Gamla Bíó og reyna að hafa sýninguna sem allra glæsilegasta. Það var ákveðið að velja í hlutverk strax í ágúst og byrja rólega á að æfa tónlistina og svo höfum við verið að bæta við alveg síðan þá. Það er einstaklega gaman að vera hér í þessu gamla og glæsilega húsi.

Sem leikstjóri sýningarinnar hef ég verið svo lánsamur að verða vitni af því að sjá verkið þroskast frá handriti í fullbúna sýningu. Allt virðist hafa gengið með okkur í þessu ferli. Við höfum fengið mikið af frábæru fólki sem vildi taka þátt í sýningunni bæði á sviði og utan sviðs. Það eru fjölmargir sem koma að svona sýningu og vil ég þakka öllum sem hafa lagt mikið á sig til þess að gera sýninguna að því sem hún er í dag.

Ég vil þakka sérstaklega Sesselju Taustadóttur formanni og stjórn leikfélagsins Hugleiks fyrir frábært samstarf og góðan stuðning. Ég er afar þakklátur leikfélaginu fyrir alla samvinnuna og fyrir að treysta mér fyrir leikstjórninni á þessu stóra og þrælskemmtilega verki.

Eftir afar skemmtilegt og krefjandi æfingarferli er loksins komið að því að sýna árangurinn. Við erum búin að vera að syngja jólalög síðan í sumar, já við byrjuðum langt á undan sænska mublurisanum og núna er loksins að komið að þessu og það eru að koma jól. Hér á svið er komin mikil hátíðar gleði jóla bomba.

Einnig vil ég þakka hljómsveitinni sem mætti á sviðið fullsköpuð og hefur sýnt einstaka þolinmæði og fórnfýsi á æfingum. Leikarahópurinn er stór og á breiðu aldursbili. En samvinnan hefur verið einstaklega góð. Ég vil þakka þeim öllum fyrir ánægjulegt samstarf og skemmtilegar stundir. Takk fyrir samveruna, umræðurnar, tónlistina, sönginn og alla gleðina.

Ég vona að þessi gleði og hamingja skili sér til þín áhorfandi góður. Vonandi verður þetta ógleymanleg stund og vonandi finnur þú hinn sanna jólaanda í dag.

Ég vil þakka þér sérstakleg kæri áhofrandi fyrir að koma í Gamla Bíó og styðja við svona metnaðarfullt leikfélag eins og Leikfélag Hugleiks er. Því með þínum stuðningi er hægt að setja svona sýningar á svið. Því er það mín von að þú áhorfandi góður skemmtir þér sem allra best, því til þess er leikurinn gerður.

Takk fyrir mig, takk fyrir að vera hér í dag, góða skemmtun… og gleðileg jól.

Gunnar Björn Guðmundsson
Leikstjóri



Kæri leikhúsgestur – velkominn í leikhús!

Við erum svo stolt og glöð í stjórn Hugleiks að eiga þess kost að geta sett á svið þessa yndisperlu sem Jólaævintýri Hugleiks er. Þakklát höfundunum, þeim Siggu Láru, Sigrúnu, Togga og Bibba, fyrir þessa dásamlegu útsetningu á A Christmas Carol Dickens, þakklát tónlistarsköpun þeirra Bibba og Togga, þakklát Gunnari Birni fyrir að koma með í ævintýrið og leikstýra verkinu, Bjössa fyrir að æfa okkur í söngnum, Tótu fyrir búningana, Jóni Erni, Stíg, Bjarti, Sjöfn, Elsu Dóru, Gamla bíó, Lóu, Reykjavíkurborg, Hrefnu, leikurunum, hljómsveitinni, Bernhöftsbakarí... Þessi listi á að vera miklu lengri og kemur fram á fleiri stöðum í þessu glæsilega afmælisriti sem Ásta Gísladóttir hefur ritstýrt.

Já þetta er bæði afmælisrit og leikskrá. Hugleikur fagnar 40 ára afmæli á þessu leikári. Það finnst okkur líka stórkostlegt. Sérstaða Hugleiks hefur ævinlega verið sú að setja eingöngu á svið leikverk sem skrifuð eru af félagsmönnum. Oftast eru glæný verk á ferðinni en nú snúum við aftur með Jólaævintýrið 18 árum síðar; það hefur gerst áður eins og til dæmis með Sálir Jónanna ganga aftur og Ó þú aftur….Það er samt smá óvissa í öllu saman; megum við skilgreina Charles Dickens sem Hugleikara? Skiptir það máli? Mest um vert er að koma saman í leikhúsinu og njóta veislunnar sem framundan er.

Nú er tæplega 30 manna hópur að fara á svið og skemmta þér með Jólaævintýrinu. Þessi risastóri leikhópur hefur verið svo stórkostlega samhentur og ánægjulegur í þeirri samvinnu að skapa gott leikhús. Og enn og aftur; takk Gunnar Björn fyrir að vinna með okkur á ný! Þetta er önnur sýning hans með Hugleik á þessu ári eftir að hann leikstýrði Húsfélaginu með Hugleik síðastliðið vor. Tónlistin úr uppfærslunni á Jólaævintýrinu frá því fyrir 18 árum síðan er nú aðgengileg á Spotify, svo minningarnar mega lifa með þér áfram eftir að heim er komið.

Þú getur líka notið þess að heimsækja nýuppfærða heimasíðu Hugleiks á www.hugleikur.is en nokkrir röskir Hugleikarar notuðu haustið til að klæða síðuna í nýjan búning og okkur finnst hún líta alveg sérdeilis vel út!

Að lokum vil ég þakka stjórn Hugleiks fyrir einstaka samvinnu. Þvílíkur kjarnahópur sem þangað hefur valist. Vikulegir fundir í allt haust og endalaus samskipti alla daga. Já, stundum verðum við smá þreytt en svo hittumst við og þá verður allt svo miklu skemmtilegra. Án ykkar væri þetta ekki hægt.

Takk öll! Þið eruð æði.

Vá hvað ég er þakklát fyrir að fá að vera formaðurinn í félaginu – það eru forréttindi.

Kæri leikhúsgestur – nú er tími til að njóta. Takk fyrir að koma í leikhúsið. Þú ert ævinlega velkominn.

Sesselja Traustadóttir
Formaður











GLÁMUR & SÓLVEIG



Í samfélagi norrænna drauga eru íslenskir draugar sérstakir því þeir eru í flestum tilfellum afturgöngur eða uppvakningar en mun sjaldnar andar sem svífa um sveipaðir lökum. Algengustu íslensku draugarnir eru svokallaðar Skottur og Mórar. Þau eru í flestum tilfellum afturgengin börn eða unglingar sem dóu af harðræði húsbænda sinna sem höfðu þau sem niðursetninga, og þau ganga aftur til þess að ásækja kvalara sína og fylgja jafnvel afkomendum þeirra í marga ættliði. Dánu stelpurnar ganga aftur með skotthúfur á höfði en strákarnir klæddir móröuðum fötum og draga þau nöfn sín af því. Mórar og Skottur eru gjarnan kennd við bæina þar sem þau bjuggu og dóu á, eins og til dæmis Írafells-Móri, Kampholts-Móri, Ábæjar-Skotta og Mývatns-Skotta.

Meðal frægustu drauga Íslandssögunnar sem hvorki eru Mórar eða Skottur eru þau Glámur úr Grettis sögu og Sólveig á Miklabæ.

Glámur var sænskur maður sem fenginn var sem sauðamaður á bæinn Þórhallsstaði í Vatnsdal. Þórhalli bóndi hafði verið í vandræðum með sauðamenn því þeir hröktust frá honum eða hurfu, sennilega vegna reimleika eða einhverrar meinvættar. Þegar Glámi er lýst í Grettlu er hann sagður „mikill vexti og undarlegur í yfirbragði, bláeygður og opineygður," en einnig að „hann var ósöngvinn og trúlaus, stirfinn og viðskotaillur. Öllum var hann hvimleiður." Þá um veturinn fer Glámur að sækja fé en lendir í illviðri og finnst síðar dauður á fjalli. Voru þar mikil ummerki um slagsmál og risavaxin fótspor umhverfis og því var ályktað að meinvætturin í fjöllunum hefði drepið henn. Glámur var færður heim á bæ og til kirkju en hann fór fljótlega að ganga aftur og hræða heimilisfólk: „Því næst tók Glámur að ríða húsum á nætur svo að lá við brotum," og flúði vinnufólk af bænum vegna þessa.

Þá gerist það að Grettir kemur í heimsókn og endar með því að þeir Glámur glíma og hefur Grettir betur og ræður niðurlögum Gláms. Grettir fær mikið lof fyrir þessa hetjudáð en í kjölfarið verður hann „svo myrkfælinn að hann þorði hvergi að fara einn saman þegar myrkva tók. Sýndist honum þá hvers kyns skrípi." Af þessu tráma Grettis er dregið orðið glámsýni, sem merkir að sjá missýnir, og frá Glámi er einnig runnið uppnefnið gleraugnaglámur á þá sem nota gleraugu.

Lítið er vitað um Sólveigu á Miklabæ. Hún var líklega ættuð úr Fljótum en ekki er vitað hverra manna hún var, en það er vitað að hún varð vinnukona á bænum Miklabæ í Blönduhlíð í Skagafirði. Á Miklabæ er kirkja og þar var séra Oddur Gíslason (1740–1786) prestur. Oddur var ókvæntur en réði Sólveigu til sín sem ráðskonu. Þau virðast hafa átt í nánu sambandi en þrátt fyrir það giftist Oddur annarri, betur ættaðri konu og á það að hafa orðið til þess að Sólveig svipti sig lífi með því að skera sig á háls. Hún var grafin utan kirkjugarðs, enda mátti ekki grafa þá sem sviptu sig lífi í vígðri mold, og fljótlega spruttu upp sögur um að Sólveig gengi aftur á Miklabæ. Nokkrum árum seinna fór Oddur að messa í Silfrastaðarkirkju en skilaði sér ekki til baka eftir það en hestur hans kom heim á hlað næsta dag, mannlaus. Sögur tóku að spinnast um að afturganga Sólveigar hefði dregið hann til sín ofan í gröf sína og jafnvel þótt lík Odds hafi síðar fundist í læknum neðan við bæinn sló það ekki á draugasögurnar.

Saga Sólveigar hefur skilað sér til okkar daga sem þjóðsaga og einnig í ljóði Einars Benediktssonar „Hvarf séra Odds frá Miklabæ" sem segir söguna í 18 krassandi erindum, en Einar var, eins og Grettir, mjög myrkfælinn og hræddur við drauga, og dregur því ekkert undan í grafískum lýsingum.

Pétur Húni







Höfundar Jólavæntýrisi haustið 2023 ásamt formanni og gjaldkera Hugleiks: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Sigrún Óskarsdóttir, Margrét Þorvaldsdóttir, Þorgeir Tryggvason, Sesselja Traustadóttir og Snæbjörn Ragnarsson

Tvær stoðir

Í minningunni reyndist afar einfalt að skrifa *Jólaævintýri Hugleiks* og sömuleiðis að koma því á svið. Það hjálpaði til að höfundarnir voru fjórir og því álagið ef til vill minna á hvert og eitt okkar. En í raun og veru var það ekki stóra hjálpin heldur þær styrku stoðir sem verkefnið hvíldi á frá upphafi.

Jólasaga Dickens er önnur þessara stoða. Þann 19. desember nk. verða liðin 180 ár frá því að *A Christmas Carol* kom út og sagan hefur aldrei dottið úr móð. Sagan er frábærlega uppbyggð og talar til okkar allra hvar sem við erum á æviskeiðinu. Spurningarnar sem hún veltir upp skauta framhjá menningu og tíma og hitta okkur beint í hjartað. Sagan er ævintýri, bæði fallegt og ljótt, hólfar niður tilfinningar sem við greinum oft ekki í sundur og neyðir okkur til að horfa örlítið framan í okkur sjálf.

Hin stoðin er Hugleikur. Þegar að því kom að klæða Dickens í hugleikskan skautbúning þurfti hvorki umhugsun eða marga fundi um málið. Við vissum öll fyrir hvar hugleikskan lá. Hugleikur verður fertugur á næsta ári og var þannig 21 árs árið 2005. Þá þegar hafði hann fundið fjölina sína, þessa rammíslensku fjöl sem við öll sem höfum komið að starfinu þekkjum og elskum. Sauðalitir, baðstofa, íslensk fortíð, einstakur húmor (sem ekkert okkar skilur fullkomlega) og óskaplegt magn af leikgleði. Ekkert er eins og Hugleikur og Hugleikur er eins og ekkert annað.

Ofan á þessum tveimur meginstoðum varð *Jólaævintýri Hugleiks* til og einhvern veginn kom aldrei annað til greina en að það myndi slá í gegn. Það var órjúfanlegur hluti af öllu saman og er ekki sagt hér til að upphefja höfundana á nokkurn hátt því sjálfsagt hefði það líka gerst í hvaða Hugleikshöndum sem þessi hugmynd hefði lent.

Ef við berum saman líftíma stoðanna tveggja sjáum við að Hugleikur á í það minnsta 141 ár inni og þar sem jólasaga Dickens virðist hvergi vera að gefa eftir verða þau ár vísast miklu fleiri. Lengi lifi Hugleikur, lengi lifi Dickens.

Góða skemmtun.

Höfundar

















Sannar staðreyndir um Charles Dickens

(því ósannar staðreyndir eru ekki til)

Tekið úr leikskrá
Jólaævintýris Hugleiks 2005



- Charles Dickens fæddist 7. febrúar 1812. Ef hann hefði ekki dáið væri hann 211 ára.
- Var áhugaleikari og ætlaði að verða atvinnuleikari en fékk kvef.
- Æskuástin hryggbraut hann vegna þess að henni fannst áhugaleikari ekki líklegur til stórverka. Vonin kviknaði á ný þegar hún skrifaði honum mörgum árum seinna, en þegar hann hitti hana var hún orðin feit, ljót, og hundleiðinleg.
- Dickens giftist, eignaði 10 börn, og kenndi konu sinni alfarið um það.
- Fannst hann sjálfur vera „óviðjafnanlegur“.
- Dickens stundaði skottulækningar með dáleiðslu.
- Þurfti að fara í rassaðgerð vegna of mikillar setu við skrifborðið.
- Hann skildi við konuna á fimmtugsaldri af því að honum fannst hún vera klaufi og tók saman
- við eina á tvítugsaldri.
- Lenti í mannskæðu lestaslysi en dó ekki.

Hafði enga hæfileika til að skrifa leikrit og var skapbráður og myndi örugglega fara í mál við Hugleik ef hann væri enn á lífi.



Jólin eru komin

Lag og texti: Þorgeir Tryggvason

Jólin eru komin í sveitirnar
jólin eru komin í leitirnar
jólin eru komin með kerti og spil
jólin eru komin okkar allra til

Á jólunum fá allir sokk eða sjal eða belti
og jólakötturinn kominn í mótmælasvelti

En á Grafarbakka eru engin jól
því Grafarbakkakallinn hann er versta fól
á Grafarbakka er alltaf haust
hamingju- og gleði- og tilbreytingarlaust

Jólin eru hátíðin barnanna
Jólin eru hátíð vinnutarnanna
frá jólum blessuð sólin fer hækkandi
en næturfrosnum koppum fer fækkandi

Jólatré gamla með lyngi og litpappír skreytum
og laufabrauðsköku í hangikjötssoðinu bleytum

En á Grafarbakka sérð þú aldrei bros
því Grafarbakkajólamaturinn er úldið tros
á Grafarbakka ríkir skröggur einn
í hjarta hans er jökulkaldur mannhatursfleinn

Jólin eru hátíð sem við hlökkum til
jólabarnið gerir öllum krökkum skil
jólin eru komin með kerti og spil
jólin eru komin okkar allra til

Vísur Ragnheiðar

Lag og texti: Snæbjörn Ragnarsson

Víst er ég hún Ragnheiður og ráðskona þín var
rákum saman bú í nafni gróðahyggjunnar
eldabuska, hjásvæfa og líftæk mjög með góðinn
en losnaðist svo heiftarlega að núna er ég dáin

Sennilega er furðulegt að sjá mig aftur nú
því sjö ár eru liðin og ég fyrkist sjá að þú
finnur ekki samleiðir með forynjum og draugum
og frekar erfitt áttu með að trúa eigin augum

Á lífsleiðinni gerði ég víst mörgu fólk grikk
af grandalausum bændum keypti jarðir fyrir slikk
margir fóru á hausinn eða dóu sínum dróttni
í dauðanum er ódælegt að ég í víti rotni

Refsingin var engu að síður harðari en ég hélt
er hurðum vítis endanlega á eftir mér var skellt
því mér var færður þessi myndarlegi syndasloppur
og síðan fyrir hverja synd var fest ur á hann koppur

Hann er augljóslega sami þverhausinn og þá
þroskaheftur félagslega, ófær ður að sjá
sannarlega ofleitt keis og ekki viðbjargandi
örlög þess sem byggir lífsins húsið sitt á sandi

Ég ætti kannski að drífa mig því ódgerða er þörf
aldrei truflað draug sem er að vinna skyldustörf
þetta verður merkilegt, ég skrái það og skrifa
en Skröggur minn ég kveð þig nú og bið þig vel að lifa



Fjölskyldan og jólin

Lag og texti: Snæbjörn Ragnarsson

Sjáðu lífið það leikur oss við
lífshamingju það veitir og frið
sérhver dagur er dásamleg gjöf
dýrð sé og gleði með okkur

Fjölskyldunni ég færi þökk
fyrir allt það sem gert hafa fyrir mig
eftir stöndum við stolt og klökk
staðfastur, hjartahlýr flokkur

Í myrkrinu reynist sumt misjafnt og ljótt
á mig sækir ótti, vil komast heim fljótt
treginn samt hverfur, ég trítla af stað
er trausta finn höndina á pabba

Öllum forynjum birginn býð
báðir göngum við felgarnir hönd í hönd
áfram höldum við enn um hríð
heim á leið erum að labba

Fögnum við öll og flykkjumst að
er fertalangarnir inn hér pramma
við hlaupum á móti þeim út á hlað
og hlæjum og dönsum
en síðan við stönsum
því sjá hér kemur mamma

Þó að fátæktin fylgi okkur víst
er fjölu og leiðindum ávallt úthýst
yfir hellast jú erfiðleikar
en alltaf við sigrum að lokum

Því að lífið oss leikur við
og það ljóta við skiljum svo eftir
reglur virðum og réttlætið
og restinni í flórinn svo mokum

Hér vil ég vera því heima er best
hér vil ég elska, vaka og dreyma
já hér vil ég vera er sólin sest
sjókvöldin lofa
og syfja og sofa
því sjá, hér á ég heima

Daudi Ebenezers

Lag og texti: Snæbjörn Ragnarsson

Nú er hann dáinn, dáinn
og dagur runninn á ný
bjart er veður, börnin glöð
við brosum öll yfir því
engin sorg eða sút
bara sæla absolút
beljan dansar, bærinn glansar
blóm og kransar afþakkaðir

Nú er hann dáinn, dáinn
svo dönsum öll fram á kvöld
því fjandans gamli fauskurinn
hann felldi niður öll gjöld
daginn sem að hann datt
niður daudur, alveg satt
allir syngja, klukkur klingja
karlsins pyngja verður tæmd

Nú er hann dáinn, dáinn
og drottinn hittir hann brátt
en guð vill ekki hafa hann
og hendir honum í átt-
ina norður og nið-
ur og neinei engin grið
verða gefin, vex þó efinn,
verst hvað skrefin eru þung

Nú er hann dáinn, dáinn
já drullusokkurinn sá
enginn syrgir illmennið
og enginn kemur að sjá
er á hæðinni hann
verður heyjður karlinn
allir syngja, klukkur klingja
karlsins pyngja verður tæmd

Verkefnalisti Hugleiks 1983-2023

1983–1984

Bónorðsförin
Höfundur: Magnús Grímsson
Tónlist: Eiríkur Árni Sigtryggsson
Leikstjóri: Steinunn Gunnlaugsdóttir
Frumsýning 14. apríl 1984
Sýnt í Félagsstofnun Stúdenta

1984–1985

Skugga-Björg
Höfundur: Matthías Jochumsson
Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson
Frumsýning í nóvember 1985
Sýnt í Hlaðvarpanum og síðar í Félagsheimili Kópavogs

1985–1986

Sálir Jónanna
Höfundar: Ingibjörg Hjartardóttir, Sigrún Óskarsdóttir og Unnur Guttormsdóttir
Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson
Frumsýning 9. maí 1986
Sýnt á Galdraloftinu í Hafnarstræti

1986–1987

Ó, þú…
Höfundar: Ingibjörg Hjartardóttir, Sigrún Óskarsdóttir og Unnur Guttormsdóttir
Leikstjóri: Sigrún Valbergsdóttir
Frumsýning 2. maí 1987
Sýnt á Galdraloftinu í Hafnarstræti

1987–1988

Um hið átakanlega, sorglega og dularfulla hvarf ungu brúðhjónanna Indriða og Sigríðar daginn eftir brúðkaupið og leitina að þeim
Höfundar: Hjördís Heiðrún Hjartardóttir, Ingibjörg Hjartardóttir, Sigrún Óskarsdóttir og Unnur Guttormsdóttir
Tónlist: Árni Hjartarson
Leikstjóri: Sigrún Valbergsdóttir:
Frumsýning: 9. apríl 1988
Sýnt á Galdraloftinu í Hafnarstræti

1988–1989

Ingveldur á Iðavöllum
Höfundar: Ingibjörg Hjartardóttir, Sigrún Óskarsdóttir
Tónlist: Árni Hjartarson
Leikstjóri: Hanna María Karlsdóttir
Frumsýning: 1. apríl 1989
Sýnt á Galdraloftinu í Hafnarstræti

1989–1990

Yndisferðir
Höfundur: Árni Hjartarson
Tónlist: Árni Hjartarson
Leikstjóri: Sigrún Valbergsdóttir
Frumsýning: 11. apríl 1990
Sýnt á Galdraloftinu í Hafnarstræti

1990–1991

Aldrei fer ég suður
Höfundar: Ingibjörg Hjartardóttir og Sigrún Óskarsdóttir
Tónlist: Árni Hjartarson
Leikstjóri: Ingibjörg Hjartardóttir
Frumsýning: 24. nóvember 1990
Sýnt á Galdraloftinu í Hafnarstræti

Sagan um Svein sáluga Sveinsson í Spjör og samsveitunga hans
Höfundar: Anna Kristín Kristjánsdóttir og Unnur Guttormsdóttir
Tónlist: Árni Hjartarson
Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson
Frumsýning: 16. mars 1991
Sýnt í Brautarholti 8

1991–1992

Fermingarbarnamótið
Höfundar: Ármann Guðmundsson, Árni Hjartarson, Hjördís Heiðrún Hjartardóttir, Ingibjörg Hjartardóttir, Sigrún Óskarsdóttir, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason
Tónlist: Ármann Guðmundsson, Árni Hjartarson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason
Leikstjóri: Viðar Eggertsson
Frumsýning: 21. mars 1992
Sýnt í Brautarholti 8

Ó, færiband
Höfundur: Sigrún Óskarsdóttir
Leikstjórar: Hulda B. Hákonardóttir, Sigrún Óskarsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Þorgeir Tryggvason
Tónlist: Þorgeir Tryggvason
Frumsýning 24. maí 1992
Sýnt á einþáttungahátíð á Patreksfirði

1992–1993

Þegar sorgin knýr dyra er huggun aldrei langt undan (ljóðadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjóri: Sigrún Valbergsdóttir
Frumsýning 28. nóvember 1992
Sýnt á Galdraloftinu í Hafnarstræti

Stútungasaga
Höfundar: Ármann Guðmundsson, Hjördís Heiðrún Hjartardóttir, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason
Tónlist: Ármann Guðmundsson og Þorgeir Tryggvason
Leikstjóri: Sigrún Valbergsdóttir
Frumsýning 3. apríl 1993
Sýnt í Tjarnarbíói

Matselja hans hátignar
Höfundar: Ármann Guðmundsson og Þorgeir Tryggvason
Tónlist: Ármann Guðmundsson og Þorgeir Tryggvason
Leikstjórn: Hópurinn
Frumsýning 24. maí 1993
Sýnt á Bandalagsþingi í Vestmannaeyjum

1993–1994

Ég bera menn sá
Höfundar: Anna Kristín Kristjánsdóttir og Unnur Guttormsdóttir
Tónlist: Árni Hjartarson
Leikstjórn: Bjarni Ingvarsson
Frumsýning: 30. október 1993
Sýnt í Tjarnarbíói

Hafnsögur (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir

Tónlist: Ýmsir
Frumsýning 22. apríl 1994
Sýnt í Hafnarhúsinu

Hafnardagarevían (Dagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Tónlist: Ýmsir
Frumsýning 22. júlí 1994
Sýnt á hafnarbakkanum í Reykjavík

1994–1995

Hafnsögubrot (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Tónlist: Ýmsir
Frumsýning 17. nóvember 1994

Jólavaka
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýnt 14. janúar 1995

Fáfnismenn
Höfundar: Ármann Guðmundsson, Hjördís Heiðrún Hjartardóttir, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason
Tónlist: Ármann Guðmundsson og Þorgeir Tryggvason
Leikstjóri: Jón St. Kristjánsson
Frumsýning 31. mars 1995
Sýnt í Tjarnarbíó

1995–1996

Páskahret
Höfundur: Árni Hjartarson
Leikstjóri: Hávar Sigurjónsson
Frumsýning 19. mars 1996
Sýnt í Tjarnarbíói

Á sama bekk
Höfundur: Sævar Sigurgeirsson
Leikstjóri: Sævar Sigureirsson
Frumsýning 14. janúar 1995

Völvuspá – rímperetta
Höfundar: Ýmsir
Leikstjóri: Sigrún Óskarsdótttir og Sigrún Valbergsdóttir
Frumsýning 14. janúar 1995
Sýnt á Galdraloftinu við Hafnarstræti

Ég held ég sé að bresta í söng (söngdagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Tónlist: Ýmsir
Frymýning 19. apríl 1996
Sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum

Bíbí og Blakan
Höfundar: Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason
Tónlist: Ármann Guðmundsson,
Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason
Leikstjóri: Hópurinn
Frumsýning 17. maí 1996
Sýnt í Logalandi

Hvernig dó mamma þín?
Höfundur: Ingibjörg Hjartardóttir
Leikstjóri: Ingibjörg Hjartardóttir
Frumsýning 17. maí 1996
Sýnt í Logalandi

1996–1997

Kjallarabollan
Höfundar: Anna Kristín Kristjánsdóttir, Ármann Guðmundsson, Árni Hjartarson. Fríða Bonnie Andersen, Ingibjörg Hjartardóttir, Sævar Sigurgeirsson, Sigrún Óskarsdóttir, Unnur Guttormsdóttir, V. Kári Heiðdal og Þorgeir Tryggvason.
Leikstjórar: Anna Kristín Kristjánsdóttir, Ármann Guðmundsson, Árni Hjartarson. Fríða Bonnie Andersen, Ingibjörg Hjartardóttir, Sævar Sigurgeirsson, Sigrún Óskarsdóttir, Unnur Guttormsdóttir, V. Kári Heiðdal og Þorgeir Tryggvason.
Frumsýning 10. janúar 1997
Sýnt í Hafnarhúsinu

Embættismannahvörfin
Höfundar: Anna Kristín Kristjánsdóttir, Ármann Guðmundsson, Fríða Bonnie Andersen, Ingibjörg Hjartardóttir, Sævar Sigurgeirsson, Sigrún Óskarsdóttir, Unnur Guttormsdóttir, V. Kári Heiðdal og Þorgeir Tryggvason.
Tónlist: Ármann Guðmundsson og Þorgeir Tryggvason
Leikstjóri: Jón St. Kristjánsson
Frumsýning 26. mars 1997
Sýnt í Tjarnarbíói

1997–1998

Leikur einn (einleikjadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjóri: Viðar Eggertsson
Frumsýning 4. desember 1997
Sýnt í Aðalstræti 16

Svona er að drífa sig
Höfundur: Fríða Bonnie Andersen
Leikstjóri: Unnur Guttormsdóttir
Sýnt í Stykkishólmi og á Flateyri

Sálir Jónanna ganga aftur
Höfundar: Ingibjörg Hjartardóttir, Sigrún Óskarsdóttir og Unnur Guttormsdóttir
Tónlist: Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason
Leikstjóri: Viðar Eggertsson
Frumsýning 18. mars 1998
Sýnt í Möguleikhúsinu við Hlemm

Ég bera menn sá (1993)



1998–1999

Nóbelsdraumar
Höfundur: Árni Hjartarson
Tónlist: Árni Hjartarson
Leikstjóri: Sigrún Valbergsdóttir
Frumsýning 30. janúar 1999
Sýnt í Möguleikhúsinu

Þrjátíu ár
Höfundur: Sigrún Óskarsdóttir
Leikstjóri: Unnur Guttormsdóttir
Frumsýning 10. apríl 1999
Sýnt í Aðalstræti 16

Þótt ótrúlegt megi virðast er ég ekki laglaus (söngskemmtun)
Höfundar: Ýmsir
Sýnt í Möguleikhúsinu 27. maí 1999

1999–2000

Völin og kvölin og mölin
Höfundar: Hildur Þórðardóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og V. Kári Heiðdal
Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason
Frumsýning 16. október 1999
Sýnt í Möguleikhúsinu

Ég sé ekki Munin
Höfundar: Alda Steina Björnsdóttir, Ármann Guðmundsson, Árni Hjartarson, Fríða Bonnie Andersen, Hildur Þórðardóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Sigrún Óskarsdóttir, Sævar Sigurgeirsson, Unnur Guttormsdóttir, Þorgeir Tryggvason og Þórunn Guðmundsdóttir
Tónlist: Árni Hjartarson, Fríða Bonnie Andersen, Þorgeir Tryggvason og Þórunn Guðmundsdóttir
Leikstjóri: Þór Tulinius
Frumsýning: 7. apríl 2000
Sýnt í Möguleikhúsinu

2000–2001

Bíbí og Blakan
Höfundar: Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason
Tónlist: Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason
Leikstjóri: Hópurinn
Frumsýning 22. september 2000
Sýnt í Trakai, Litháen

Rauð jól (dagskrá)
Höfundar: ýmsir
Leikstjóri: Ýmsir
Frumsýning 14. desember 2000
Sýnt í Möguleikhúsinu

Víst var Ingjaldur á rauðum skóm
Höfundar: Ingibjörg Hjartardóttir, Sigrún Óskarsdóttir og Unnur Guttormsdóttir ath
Tónlist: Ingibjörg Hjartardóttir
Leikstjóri: Sigrún Valbergsdóttir
Frumsýning 31. mars 2001
Sýnt í Tjarnarbíói

2001–2002

Sjö sortir (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson og ýmsir
Frumsýning 17. nóvember 2001
Sýnt í Iðnó

Klæðin rauð (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjóri: ýmsir
Frumsýning 14. desember 2001
Sýnt í Kaffileikhúsinu

Kolrassa
Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir
Tónlist: Þórunn Guðmundsdóttir
Leikstjóri: Jón St. Kristjánsson
Frumsýnt 8. mars 2002
Sýnt í Tjarnarbíói

2002–2003

Þetta mánaðarlega I (stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýnt 14. október 2002
Sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum

Þetta mánaðarlega II (stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýnt 14. nóvember 2002
Sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum

Klundurjól (Dagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjóri: ýmsir
Frumsýning 13. desember 2002
Sýnt í Kaffileikhúsinu

Undir hamrinum
Höfundur: Hildur Þórðardóttir
Tónlist: Björn Thorarensen og Þorgeir Tryggvason
Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir
Frumsýning 8. mars 2003

Þetta mánaðarlega III (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýnt 26. apríl 2003
Sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum

2003–2004

Lífið í lit
Höfundur: Hrefna Friðriksdóttir
Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason
Frumsýning 25. október 2003
Sýnt í Borgarleikhúsinu

Tveir ljóðaflokkar
Höfundar: Arsení Golenistsév-Kútúsof og Modest Mussorgskíj
Tónlist: Modest Mussorgskíj
Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason
Frumsýning 1. nóvember 2003
Sýnt í Borgarleikhúsinu

Jólaskraut (Dagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 13. desember 2003
Sýnt í Kaffileikhúsinu

Sirkus
Höfundar: Ármann Guðmundsson, Hjördís Heiðrún Hjartardóttir, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason
Tónlist: Ármann Guðmundsson og Þorgeir Tryggvason
Leikstjóri: Viðar Eggertsson
Frumsýning 28. febrúar 2004
Sýnt í Tjarnarbíó

Kleinur
Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir
Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason
Frumsýnt 7. maí 2004
Sýnt í Kaffileikhúsinu

Af hverju láta fuglarnir svona?
Höfundur: Ylfa Mist Helgadóttir
Leikstjóri: Rúnar Lund
Frumsýnt 20. maí 2004
Sýnt í Borgarleikhúsinu

Listin að lifa
Höfundur: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason
Frumsýnt 20. maí 2004
Sýnt í Rimum í Svarfaðardal

2004–2005

Leikdagskrá ásamt Leikfélagi Kópavogs (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýnt 4. júní 2004
Sýnt í Félagsheimili Kópavogs

Þetta mánaðarlega IV (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýnt 2. október 2004
Sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum

Memento mori (Í samstarfi við Leikfélag Kópavogs)
Höfundur: Hrefna Friðriksdóttir
Tónlist: Ágústa Eva Erlendsdóttir og



Þetta mánaðarlega V (2005)

Björn Thorarensen
Leikstjóri: Ágúst Skúladóttir
Frumsýnt 25. nóvember 2004
Sýnt í Félagsheimili Kópavogs

Patataz
Höfundur: Björn Margeir Sigurjónsson
Leikstjóri: Bergur Þór Ingólfsson
Frumsýnt 6. mars 2005
Sýnt í Stúdíó 4 í Vatnagörðum

Enginn með Steindóri
Höfundur: Nína Björk Jónsdóttir
Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason
Frumsýnt 5. maí 2005
Sýnt í Möguleikhúsinu

Þetta mánaðarlega IV
(Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýnt 29. maí 2005
Sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum

2005–2006

Þetta mánaðarlega V
(Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýnt 7. október 2005
Sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum

Þetta mánaðarlega VI
(Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýnt 11. nóvember 2005
Sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum

Jólaævintýri Hugleiks
Höfundar: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Sigrún Óskarsdóttir, Snæbjörn Ragnarsson og Þorgeir Tryggvason
Tónlist: Snæbjörn Ragnarsson og Þorgeir Tryggvason
Leikstjóri: Höfundar
Frumsýnt: 19. nóvember 2005
Sýnt í Tjarnarbíói

Þetta mánaðarlega VII
(Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýnt 8. febrúar 2006
Sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum

Þetta mánaðarlega VII
(Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýnt 23. mars 2006
Sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum

Systur
Höfundur: Þórunn Guðmundsóttir
Leikstjórar: Silja Björk Huldudóttir og Þorgeir Tryggvason
Frumsýning 12. apríl 2006
Sýnt í Möguleikhúsinu

Lán í óláni
Höfundur: Hrefna Friðriksdóttir
Leikstjórar: Rúnar Lund og Sigurður H. Pálsson
Frumsýning 27. apríl 2006
Sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum

Hugleikur brestur í söng (Dagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Tónlist: Ýmsir
Frumsýnt 9. maí 2006

2006–2007

Þetta mánaðarlega VIII
(Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýnt 3. október 2006
Sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum

Einu sinni var... (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Benedikt Erlingsson og Charlotta Bøving
Frumsýning 5. nóvember 2006
Sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum

Jólabónus (Dagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýnt 5. desember 2006
Sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum

Epli og eikur
Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir
Tónlist: Þórunn Guðmundsdóttir
Leikstjóri: Oddur Bjarni Þorkelsson
Frumsýnt 23. mars 2007
Sýnt í Möguleikhúsinu

Þetta mánaðarlega IX
(Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýnt 22. apríl 2007
Sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum

*Bingó (*Samstarfsverkefni með Leikfélagi Kópavogs)
Höfundur: Hrefna Friðriksdóttir
Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir
Frumsýning 14. aprí 2007
Sýnt í Félagsheimili Kópavogs

2007–2008

Þetta mánaðarlega X
(Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 11. nóvember 2007
Sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum

Aftansöngur jóla (Dagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 9. desember 2007
Sýnt á Eyjarslóð

Útsýni
Höfundur: Júlía Hannam
Leikstjórar: Rúnar Lund og Silja Björk Huldudóttir
Frumsýning 19. janúar 2008
Sýnt í Möguleikhúsinu

39½ vika
Höfundur: Hrefna Friðriksdóttir
Leikstjórar: Ásta Gísladóttir, Júlía Hannam og Sigurður H. Pálsson
Frumsýning 28. mars 2008

Sýnt í Möguleikhúsinu

Þetta mánaðarlega XI
(Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 13. maí 2008
Sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum

2008–2009

Ó þessi tæri einfaldleiki
(Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 31. október 2008
Sýnt í Hafnarhúsinu

Þorrablót (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 7. febrúar 2009
Sýnt á Eyjarslóð

Ó, þú aftur…
Höfundar: Ingibjörg Hjartardóttir, Sigrún Óskarsdóttir og Unnur Guttormsdóttir
Tónlist: Eggert Hilmarsson og Þorgeir Tryggvason
Leikstjóri: Oddur Bjarni Þorkelsson
Frumsýning 15. maí 2009
Sýnt á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins

2009–2010

Þetta er ekki einleikið
(Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 1. nóvember 2009
Sýnt á Eyjarslóð

Jólahrun (Dagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 13. desember 2009
Sýnt á Eyjarslóð
Hannyrðir og hagleiksmenn
Höfundur: Sigurður H. Pálsson
Leikstjóri: Guðmundur Erlingsson
Frumsýning 16. janúar 2010
Sýnt á Eyjarslóð

Kjallaraheimsókn
(Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 12. apríl 2010
Sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum

Rokk
Höfundar: Ásta Gísladóttir, Júlía Hannam, Sigurður H. Pálsson og Þórarinn Stefánsson
Tónlist: Eggert Hilmarsson
Leikstjórar: Hulda B. Hákonardóttir og Þorgeir Tryggvason
Frumsýnin 23. apríl. 2010
Sýnt á Eyjarslóð

2010–2011

Helgi dauðans
Höfundur: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Leikstjórar: Rúnar Lund og Sigurður H. Pálsson
Frumsýnt 22. janúar 2011
Sýnt á Eyjarslóð

Einkamál.is
Höfundur: Árni Hjartarson
Leikstjórar: Hulda B. Hákonardóttir og Þorgeir Tryggvason
Frumsýning 23. apríl 2011
Sýnt á Eyjarslóð

Rotið
Höfundur: Árni Friðriksson
Leikstjóri: Hörður Skúli Daníelsson
Frumsýning: 29, apríl 2011
Sýnt í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ

Ljóð fyrir 9 kjóla
Höfundur: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Leikstjóri: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Frumsýning 29. apríl 2011
Sýnt í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ

2011–2012

Gamli góði Villi – Sjeikspír í höndum Hugleiks (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 29. maí 2011
Sýnt á Eyjarslóð

Þanþol
Höfundur: Hulda B. Hákonardóttir
Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason
Frumsýning 31. maí 2011
Sýnt á Eyjarslóð

Sá glataði
Höfundur: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Tónlist: Þorgeir Tryggvason
Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir
Frumsýnt 4. febrúar 2012
Sýnt á Eyjarslóð

2012–2013

Læknisleikir – Tsékhov í hugleikrænni atferlismeðferð (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 12. október 2012
Sýnt á Eyjarslóð

Beljur
Höfundur: Árni Friðriksson
Leikstjóri: Sigurður H. Pálsson
Frumsýning 3 nóvember 2012
Sýnt á Eyjarslóð
Jólahlaðborð Hugleiks (dagskrá)
Höfundar: Ýmsir



Ó, þú aftur… (2009)

Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 13. desemer 2012
Sýnt á Eyjarslóð

Spilaborgir
Höfundur: Ásta Gísladóttir
Leikstjórar: Sigurður H. Pálsson
Frumsýning 28. apríl 2013
Sýnt á Eyjarslóð

2013–2014

Mér er hafið hugleikið (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 23. nóvember 2013
Sýnt á Eyjarslóð

Stund milli stríða
Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir
Tónlist: Þórunn Guðmundsdóttir
Leikstjóri: Jón St. Kristjánsson
Frumsýning 5. apríl 2014
Sýnt í Tjarnarbíói

2014–2015

Hugleikur ýlir (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 21. nóvember 2014
Sýnt á Eyjarslóð

Kurl (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 6. mars 2015
Sýnt í Hugleikhúsinu Langholtsvegi

Sæmundur fróði (í samstarfi við Tónlistarskólann í Reykjavík)
Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir
Tónlist: Þórunn Guðmundsdóttir
Leikstjóri: Þórunn Guðmundsdóttir
Frumsýning 15. mars 2015
Sýnt í Iðnó

Stóra hangikjöts-, Orabauna- og rófumálið: Taðreyktur sakamálatryllir
Höfundar: Anna Kristín Kristjánsdóttir, Sigrún Óskarsdóttir og Unnur Guttormsdóttir
Tónlist: Árni Hjartarson
Leikstjóri: Hrund Ólafsdóttir
Frumsýning 9. maí 2015
Sýnt á Eyjarslóð

2015–2016

Hin einkar hörmulega ópera um grimman dauða Píramusar og Þispu
Höfundur: William Shaksepeare og Helgi Hálfdanarson
Tónlist: Þorgeir Tryggvason
Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason
Frumsýnt 10. júlí 2015
Sýnt á leiklistarhátíð í Vestouter í Flæmingjalandi

Et tu, Hugleikur? (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 20. nóvember 2015
Sýnt í Hugleikhúsinu Langholtsvegi

Feigð
Höfundur: Ármann Guðmundsson
Tónlist: Ármann Guðmundsson, Halldór Sveinsson, Loftur S. Loftsson
Frumsýning 20. apríl 2016
Sýnt í Kartöflugeymslunum

2016–2017

LEIKHLÉ

2017–2018

Hráskinna
Höfundar: Ármann Guðmundsson, Ásta Gísladóttir, Sigríður Bára Steinþórsdóttir og Þorgeir Tryggvason
Tónlist: Ýmsir
Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson
Frumsýning 20. apríl 2018
Sýnt í Hugleikhúsinu Langholtsvegi

2018–2019

Bert hold (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 4. nóvember 2018
Sýnt í Hugleikhúsinu Langholtsvegi

Rannsóknarstofan (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 14. apríl 2019
Sýnt í Hugleikhúsinu Langholtsvegi

2019–2020

Gestagangur
Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir
Tónlist: Þórunn Guðmundsdóttir
Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason
Frumsýning 9. nóvember 2019
Sýnt í húsnæði LHÍ við Sölvhólsgötu

2020–2021

Kvikan streymir (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 24. apríl 2021
Sýnt í Hugleikhúsinu Langholtsvegi
Tvíleikur (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 30. maí 2021
Sýnt í Hugleikhúsinu Langholtsvegi

2021–2022

Hrollleikur (Stuttverkadagskrá)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 28. nóvember 2021
Sýnt í Hugleikhúsinu Langholtsvegi

Blóm og kransar (Stuttverkadagskrá ásamt leikfélögum Hafnarfjarðar og Kópavogs)
Höfundar: Ýmsir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning: 8. maí 2022
Sýnt í Hugleikhúsinu Langholtsvegi

Rím og flím – Þórunnarþættir (Stuttverkadagskrá)
Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 28. maí 2022
Sýnt í Hugleikhúsinu Langholtsvegi

Þorraþáttur
Höfundur: Loftur S. Loftsson
Leikstjóri: Dýrleif Jónsdóttir
Frumsýning 31. maí 2022
Sýnt í Hugleikhúsinu Langholtsvegi

2022–2023

Í öruggum heimi
((Stuttverkadagskrá)
Höfundur: Júlía Hannam
Leikstjórar: Ýmsir
Frumsýning 4. nóvember 2022
Sýnt í Leikhúsinu í Kópavogi

Húsfélagið
Höfundar: Ásta Gísladóttir, Elín Jónína Bergljótardóttir, Elísabet Katrín Friðriksdóttir, Eyjólfur Kristjánsson, Loftur S. Loftsson, Sigríður Bára Steinþórsdóttir og Þórarinn Stefánsson
Tónlist: Loftur S. Loftsson
Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson
Frumsýning: 15. apríl 2023
Sýnt í Leikhúsinu í Kópavogi

2023–2024

Jólaævintýri Hugleiks
Höfundar: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Sigrún Óskarsdóttir, Snæbjörn Ragnarsson, Þorgeir Tryggvason
Tónlist: Snæbjörn Ragnarsson og Þorgeir Tryggvason
Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson
Frumsýnt: 10. desember 2023
Sýnt í Gamla Bíói

Hugleikur
Höfundaleikhús

Hugleikur varð til í þröngum vinahópi veturinn 1984. Hugmyndafræði hópsins var einföld. Tilgangur félagsins var að gefa fólki tækifæri til að starfa saman að leiklist í tómstundum sínum og setja sýningar á svið. Út um allt land voru starfandi leikfélög þar sem áhugafólk gat fundið leiklistaráhuga sínum farveg. Ekkert slíkt félag var í Reykjavík. Það að starfa í leikfélagi, stíga á svið og leika voru eins og hver önnur mannréttindi í hugum þessa fólks. Þess vegna þurfti að stofna áhugaleikfélag í höfuðborginni. Félagið fylgdi engri stefnu í upphafi, hvoki listrænni né pólitískri, hvorki framúrstefnu né klassik. Það hallaðist að engu nema þá helst stefnuleysi.

Það var farið varlega af stað. Fyrsta leikritið var *Bónorðsförin* eftir Magnús Grímsson frá 1853. Þetta leikrit, sem ekkert leikfélag hafði viljað taka til meðferðar í þau 130 ár sem liðin voru frá ritun þess, lagði nú línur til framtíðar. Í sýningunni mátti strax sjá baðstofustílinn sem einkenndi leiklistarstefnu Hugleiks til margra ára, sauðsskinnsskó og tveggja þumla, svellþæfða sjóvettlinga. Einnig viðleitnina til að nýta sér menningararf þjóðarinnar og þjóðsagnaarfinn, sem bókmenntafræðingum og krítíkerum sem fjölluðu um verk Hugleiks lengi framanaf, varð svo tíðrætt um. Næsta leikrit félagsins var einnig skýrt dæmi um þetta en það var *Skugga-Björg*, sem var all sérkennileg leikgerð byggð á *Skugga-Sveini* en hér voru illvirkjar og ránsmenn öræfanna konur. Þótt félagið væri ópólitískt læddust jafnréttishumyndir Rauðsokkahreyfingarinnar inn í sýninguna.

Þessar tvær frumraunir Hugleiks reyndust síðan vera einu leikritin í sögu félagsins, sem nú spannar 40 ár, sem sótt voru út fyrir veggi félagsins. Eftir þetta sömdu félagsmenn öll sín verk sjálfir. Þó var aldrei tekin nein meðvituð ákvörðun um þetta, það gerðist bara af sjálfu sér. Hugleikur haslaði sér sem sagt völl sem höfundaleikhús, enginn þekkti þó þetta hugtak og kannski var orðið sjálft ekki orðið til í tungumálinu. Ingibjörg Hjartardóttir, Sigrún Óskars og Unnur Gutt, gamalreyndir Hugleikarar (með tveggja ára leikreynslu að baki), settust niður og skrifuðu næsta verk. Það var *Sálir Jónanna* sem sýnt var á Galdraloftinu veturinn 1985-1986. Þarna var menningararfleifðin þjóðsagnaarfurinn enn og aftur á ferð og nú var baðstofustíllinn tekinn að þróast. Þessi leikstíll þroskaðist síðan með ári hverju og náði hæstu hæðum samhliða hinum tæra einfaldleika í *Ingveldi á Iðavöllum* 1989. Tónlistin var snemma með í spilinu, raunar strax í *Bónorðsförinni*, en síðan kom hún á ný til sögunnar í *Dularfulla hvarfinu* 1988, sem skreytt var með lögum og textum sem samin voru innan félagsins. Eftir þetta mátti heita að öll hin stærri verkefni væru leikrit með söngvum og stundum hreinir söngleikir. Rithöfundar, söngvaskáld og tónsmiðir léku lausum hala.

Þótt Hugleikarar þekktu ekki hugtakið höfunda-leikhús í byrjun áttuðu þeir sig snemma á því að þetta atriði var eitt af einkennum félagsins og kannski það sem skipti mestu máli, atriði sem skapaði félaginu sérstöðu og greindi það frá nánast öllum öðrum leikfélögum landsins á þessum árum. Fljótlega varð til höfundahópur, fólk sem var með hugmyndir og langaði til að skrifa leikrit. „Leikrit verða ekki samin í nefnd“ var frasi sem einhver menningarviti kastaði fram og þótti spakmæli. Hugleikarar þekktu ekki þessi sannindi eða tóku ekki mark á þeim. Þeir skipuðu oftar en ekki ritnefnd sem settist niður að hausti, velti fyrir sér hugmyndum að leikriti og efnistökum á fyrstu fundum, skipti svo með sér verkum, skrifaði síðan leikrit leikársins og skilaði af sér í tæka tíð fyrir æfingatímabilið. Þetta var að vísu

ekki regla en svona urðu mörg og merkileg leikrit til. Í öðrum tilfellum ræddi fólk hugmyndir sínar innan höfundahópsins, skrifaði síðan kafla og samtöl sem leiklesin voru á næsta fundi og þannig litu ýmis verk dagsins ljós. Það var hlúð að höfundahópnum, haldin voru höfundanámskeið og stundum störfuðu ritsmiðjur þar sem höfundar komu saman og unnu að verkum sínum hver fyrir sig eða fleiri saman. Þetta var árangursríkt því verkin hlóðust upp, löng og stutt, fjölmennar stórsýningar, fámennari þættir og einleikir. Menn voru ekki að skrifa fyrir skrifborðsskúffuna, megnið af þessum verkum komst á svið í ótal stuttverkadagskrám eða við önnur tækifæri. Fjölmörg áhugaleikfélög út um land hafa síðan fetað í þessi fótspor og hafa um árabil sett á svið leikrit sem samin eru innan þeirra vébanda, þótt fá hafi gert það að meginreglu.

Þegar litið er yfir verkefnaskrá Hugleiks sést að verkin eru hátt í 120, þar af eru 37 stuttverkadagskrárnar sem hver og ein innibar marga sjálfstæða þætti. Því mætti ætla að sjálfstæð leikverk félagsmanna, stór og smá, séu hátt í 300 talsins. Það hefur reynst snúið að skilgreina Hugleik og stöðu hans í menningarflórunni. Margir og ólíkir leikhúsfræðilegir merkimiðar verið settir á hann. Fyrir hvað stendur hann, hvert stefnir hann, hver er boðskapurinn, er eitthvað hægt að marka hann eða er allt sem þaðan kemur bara bull og vitleysa??? Svari nú hver fyrir sig. Eitt er þó öruggt, þótt fáir hafi bent á það, Hugleikur hefur nánast frá byrjun verið bullandi höfundaleikhús, fyrst ómeðvitað, síðar vel meðvitað og nú er þetta orðinn ríkasti þátturinn í sjálfsmynd félagsins. Í því efni er Hugleikur einstakur og á engan sinn líka.

Árni Hjartarson

Höfundahópur *Embættismannahvarfanna:* Sigrún Óskarsdóttir, Unnur Guttormsdóttir, Ármann Guðmundsson, Anna Kristín Kristjánsdóttir, Sævar Sigurgeirsson, Þorgeir Tryggvason, V. Kári Heiðdal, Fríða Bonnie Andersen





Úr Fáfnismönnnum: Sævar Sigurgeirsson, Fanney Sigurðardóttir, Rúnar Lund og Þorgeir Tryggvason

Hugleikur og Jónas

Þann 15. nóvember 2006 var undirrituðum sem þáverandi formanni Hugleiks tjáð símleiðis að daginn eftir ætti að veita félaginu viðurkenningu í tilefni af Degi íslenskrar tungu. Í snatri var skellt í móttökuræðu að Óskarssið sem var svo flutt þegar viðurkenningunni var veitt móttaka með pomp og prakt úr hendi menntamálaráðherra. Sú orðsnilld virðist nú illu heilli glötuð, en heimildir eru til um umsögn dómnefndar. Þar sagði meðal annars:

Áhugaleikhópurinn Hugleikur hefur um árabil verið vettvangur nýsköpunar, spéspegla og skapandi útúrsnúninga gagnvart íslensku máli og klassískum bókmenntum. Hópurinn hefur starfað í 22 ár og er þar með elsti starfandi áhugaleikhópur í Reykjavík.

Athygli vekur að verkin sem Hugleikur setur á svið eru öll skrifuð innan hópsins, þannig er hann þarft og merkt athvarf áhugamanna um leikritaskrif og hvetjandi vettvangur hópvinnu þar sem tungumálið er eitt helsta tjáningartækið. Innan Hugleiks hefur og þróast sérstakur leikstíll þar sem áhugaleikararnir ýmist ýkja eða stíga úr fyrir áhugamennskuna og gera hana þannig að rannsóknarefni. Uppsetningar Hugleiks eru yfir eitt hundrað talsins og sum verkanna hafa verið tekin upp af öðrum leikfélögum. Þá hafa nokkrir höfundar fært sig upp á skaft atvinnumennskunnar eftir að hafa hlotið þjálfun í herbúðum Hugleiks. Hugleikur leitar gjarnan fanga í íslenskum þjóðsagnaarfi og bókmenntum, en fylgist einnig með þjóðmálum í samtíma.

Elja þessa áhugaleikhóps og samfella í starfi er til fyrirmyndar og sýn félaganna á íslenska tungu er bæði skapandi og smitandi.

Um kvöldið sátu svo fulltrúi Hugleiks og þáverandi formannsfrú virðulegan kvöldverð í Ráðherrabústaðnum ásamt mörgu fyrirmenni, og ekki var laust við maður glotti aðeins inn á við yfir því hvað Hugleikur væri nú farinn að færa sig upp á skaftið.

Eftir þetta hefur skapast sá fallegi siður hjá sumum Hugleikurum að senda hverjir öðrum ullukalla á samfélagsmiðlum á þessum degi, til heiðurs íslenskri tungu.

Sigurður H. Pálsson
Formaður Hugleiks 2006–2008

Þótt óútrúlegt megi virðast þá er ég ekki laglaus



Hljómsveitin Thorsararnir úr *Embættismannahvörfunum*. Frá vinstri: Berglind Rós Guðmundsdóttir, Þórunn Guðmundsdóttir, Þorgeir Tryggvason, Ármann Guðmundsson og Árni Hjartarson. Á myndina vantar Fríðu Bonnie Andersen og Gunnar Benediktsson.

„Do you add songs to EVERYTHING?!“

Árið er 1996 og Hugleikur er að sýna *Páskahret*. Sævar Sigurgeirsson bíður amerískum vini sínum, sem skrifar um leiklist í Christian Science Monitor, á sýninguna. Hann hafði séð *Fáfnismenn* árið áður, og fer engum sögum af því að hann hafi sett spurningamerki við tónlistina þar. En Agöthu-Christie ráðgáta í Hrafntinnuskeri fannst honum einum of langt gengið. Kannski réttilega. Ég meina, af hverju voru grænmetisætuhjónin Gugga og Gúndi með gítar og banjó í bakpokunum sínum? Var það kannski aðalráðgátan, frekar en hver hver drap Sigmund fararstjóra?

Svona var þetta á þessum árum. Frá því *Dularfulla hvarfið* var frumsýnt vorið 1988 með splunkunýjum lögum eftir Árna Hjartarson líða sautján ár þar til næsta leikrit í fullri lengd með engri frumsaminni tónlist ratar á fjalirnar.

Þó Hugleikur sé eitt „stefnumeðvitaðasta“ leikfélag sem um getur þá held ég að það hafi svo sem aldrei verið ákveðið að það yrðu alltaf að vera frumsamin lög. En þannig varð það um langa hríð. og samdóma álit að mikil prýði væri að laga- og textasmíðunum. Vissulega er þetta líka í anda verkanna sem félagið sótti innblástur sinn í; gömlu íslensku baðstofuklassíkina, þar sem alltaf var sungið. Þó öllu öðru væri ögrað var það lengi viðtekið hjá Hugleik.

Fyrir utan tónlist Eiríks Árna Sigtryggssonar við *Bónorðsförina* 1984 var Árni Hjartarson einn um hituna allt til haustsins 1991 þegar Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason ganga til liðs við höfundahóp *Fermingarbarnamótsins*, fyrst og fremst til að taka þátt í tónsköpuninni. Enda veitti ekki af að létta álaginu af Árna; þetta var mögulega fyrsta verk Hugleiks þar sem beinlínis var lagt upp með að tónlist yrði í lykilhlutverki. Þetta átti að verða revía, eða allt að því söngleikur.

Fyrir utan liðsaukann og formið markar *Fermingarbarnamótið* líka þáttaskil fyrir það að meira var lagt í útsetningar og undirleik en oftas. fram að því. Fullskipuð hljómsveit var mynduð og fékk hún nafnið Kristmann og Krossmennirnir. Fljótlega varð það að hefð að hljómsveitir í Hugleiksverkum fengju viðeigandi nöfn. Þannig spilaði Vistarbandið í *Ég bera*



Stund milli stríða



Sálir Jónanna ganga aftur



Rokk



Sá glataði

menn sá, Dínamít í *Nóbelsdraumum* og Rass Pútíns í *Sirkus*, svo einhver sniðug séu nefnd. Dalakollar kallar hljómsveit *Jólaævintýrisins* sig að þessu sinni, og fer vel á því.

Önnur tímamót verða ári síðar, þegar Þorgeir og Ármann langar að hafa afsökun fyrir að fara á þing Bandalags íslenskra leikfélaga í Vestmannaeyjum og ákveða að semja stuttverk til að bjóða fram á dagskrána þar. Og ekki bara stuttverk: Ópera skyldi það vera. Þeir setjast inn á Hressó og leggja drög að fyrsta en alls ekki síðasta gegnumsungna leikverkinu í sögu Hugleiks, *Matselju hans hátignar*. Óperur liggja auðvitað vel við skopstælingarhöggi, kjánalegar og sjálfshátíðlegar eins og þær eru, og á næstu árum eru stutt óperuinnskot nokkuð viðtekin í verkum Hugleiks.

Næstu stórtíðindi í tónlistarsögu Hugleiks voru nokkurskonar tímasprengja. Þórunn Guðmundsdóttir gekk til liðs við félagið 1997 og spilaði í hljómsveitinni í *Embættismannahvörfunum*. Lék síðan lausum hala sem syngjandi leikkona/leikandi söngkona í *Sálir Jónanna ganga aftur*. Fjórum árum síðar mætir hún síðan með *Kolrössu*, viðamesta og vinsælasta söngleik félagsins til þessa, og hefur varla orðið uppihald síðan. Þórunn hefur samið leikverk, söngtexta og tónlist jöfnum höndum, líkt og reyndar fjórmenningarnir fyrrnefndu, og er sennilega sá tónsmiður félagsins sem hefur lagt flestar tónlistarmínútur til.

Eftir því sem tímar líða hafa fleiri og fleiri sett saman tónlist fyrir sýningar Hugleiks. Til viðbótar við þau fimm sem hér hafa verið nefnd, og eru afkastamest, hafa um tíu höfundar komið við þá sögu. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með hópvinnu við lagasmíðar hin síðari ár, og gefist vel. Stór hópur hefur mannað hljómsveitir og illteljandi söngvarar stigið á stokk. Algengast er að hljómsveitir hafi unnið útsetningar í hópvinnu.

Varðveisla á tónlist Hugleiks hefur verið með nokkrum höppum og glöppum. Árið 1996 unnu þau Ármann, Árni og Fríða Bonnie Andersen mikið og þarft þrekvirki þegar þau settu saman nótnakver með þeirri tónlist sem þá hafði hljómað í sýningum félagsins. Á þessu hefur ekki orðið framhald því miður, og vægast sagt ekki árennilegt að byrja núna. Fyrsta tilraun til að taka tónlist upp sérstaklega var gerð í *Embættismannahvörfunum* og hefur það verið gert í nokkur skipti. Þá eru allar (eða nánast allar) sýningar félagsins til uppteknar á myndband og þar hljómar vitaskuld tónlistin í sínu rétta samhengi, þótt hljómgæðin séu kannski ekki upp á nútímastaðla.

En hvernig tónlist er þetta? Er til hugleikska í tónlist?

Stutta svarið er „nei“ og langa svarið er „nei, auðvitað ekki, hættu að spyrja svona heimskulegra spurninga!“ Og svo verður henni varla með orðum lýst frekar en tónlist yfirhöfuð. Sumt af tónlistinni í verkum Hugleiks er þjóðlagakennt, annað poppað, margt einhverskonar bræðsla af þessu tvennu. Sumt hefur verið útsett fyrir akústísk hljóðfæri og stundum hefur verið stungið í samband. Stundum skýtur paródíugrýlan upp kollinum og ullar framan í tónlistargyðjuna. Sumt hljómar klassískt, annað er a cappella. Svo er rokk. Jafnvel rapp. Allt er þetta að mínu kalda og óvilhalla mati frábært.

Við erum kannski hætt að bæta tónlist við allt sem við gerum, en við bætum henni við hvar sem okkur dettur í hug.

Það mun aldrei breytast.

Þorgeir Tryggvason

Þjóðleikhúsið hefur staðið fyrir vali á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins frá árinu 1994 þar sem einni sýningu er boðið að sýna í leikhúsinu. Leikfélagið Hugleikur hefur hlotið þennan heiður tvisvar.



Árið 2010 var söngleikurinn *Rokk* valin athyglisverðasta áhugaleiksýningin og sýnd tvisvar í Kassanum í Þjóðleikhúsinu.

Höfundar voru Ásta Gísladóttir, Júlía Hannam, Sigurður H. Pálsson og Þórarinn Stefánsson. Höfundur tónlistar var Eggert Hilmarsson og samdi hann einnig söngtexta ásamt höfunda-hópinum. Leikstjórar voru Þorgeir Tryggvason og Hulda B. Hákonardóttir.



Á þrítugasta afmælisári Hugleiks var söngleikurinn *Stund milli stríða* eftir Þórunni Guðmundsdóttur settur upp í Tjarnarbíói í leikstjórn Jóns St. Kristjánssonar.

Sú sýning var valin athyglisverðasta áhugaleiksýningin leikárið 2013–14 og sýnd í Þjóðleikhúsinu vorið 2014.

Dauðann og Djöfulinn

annað er hjóm

„Hugleikur setur eingöngu upp leikrit fyrir fólk með stúdentspróf.“ Heyrði ég konu segja fljótlega eftir að ég gekk í leikfélagið. Líka: „Ég hef leikið ungar stúlkur frá því að ég man eftir mér.“ Þetta var stútungskona á fimmtugsaldri. „Ofboðslega er þetta nú gott leikrit,“ sagði önnur, um eigið verk. Þessar konur voru upp til hópa félagsráðgjafar og sjúkraþjálfarar. Það er þetta sem er svo geggjað við að vera í leikfélaginu Hugleik. Það er hreinlega engin hefð fyrir því að taka sjálfan sig, né nokkurn skapaðan hlut annan, sérstaklega alvarlega. Einhversstaðar í verkinu *Fáfnismenn* spyr einn maðurinn annan: „Getur þú aldrei tekið nokkurn skapaðan hlut alvarlega?“ og fær við því svarið: „Dauðann og djöfulinn, annað er hjóm.“ Hið Hugleikræna gengur þó skrefi lengra og dregur bæði dauðann og djöfulinn sundur og saman í háði, bjóði svo við að horfa.

Ég sá Hugleik í fyrsta sinn, tilsýndar, á leiklistarhátíð Bandalags íslenskra leikfélaga í Hveragerði. Það vildi þannig svo skemmtilega til að í fyrsta sinn sem ég tók þátt í leiksýningu áhugaleikfélags, sem gítarleikari í afleysingum í *Sölku Völku* hjá Leikfélagi Fljótsdalshéraðs, þá hitti ég líka í fyrsta sinn Bandalag íslenskra leikfélaga og sá þetta stórfurðulega fólk, úr þessu undarlega leikfélagi í Reykjavík. Ef ég hefði kunnað orðið „artí“ hefði ég brúkað það á þennan undarlega söfnuð. Svo voru þau líka að sýna þarna furðusýninguna „Yndisferðir“ sem ég komst að síðar að var síður en svo það skrítnasta sem þetta leikfélag hafði látið sér detta í hug að bjóða áhorfendum uppá.

Fyrirfram hefði ég svo sem ekki haft neina sérstaka trú á því að það yrði svona mannbætandi að temja sér það frelsi að gera helst grín að öllu. En ég held það hafi orðið það. Einhvern veginn. Að taka sjálfan sig ekki of alvarlega, eða hátíðlega, er mjög holl og góð æfing í lífinu. Það er mjög erfitt að vera illa haldinn af heimsharmi ef maður tekur margar sessjónir á ári … stundum í viku … með vinum sínum sem eru meira og minna allir hálfvitar. (Í bestu merkingu þess orðs.) Enda komst ég að því í vinnu með þessu leikfélagi að það er hægt að hafa gaman af eiginlega öllu. Hvort sem það heitir að brytja í baunasúpuna með kellum, hanga í miðasölunni, mæta fyrst og stilla upp leikmyndinni eða taka til í leikfélagsgeymslunni. Fyrir nú utan höfundastarf, endalausar fjáraflanir fyrir leikferðir – endalausar leikferðir þegar sigurfarir allt of stórra leikrita virtust engan enda ætla að taka og fundahöld um allan skrattann.

Og auðvitað gengur þetta alls ekki allt saman upp. Við höfum sett upp alveg skelfilega vondar sýningar á lélegum leikritum. Rifist ofaní rass, verið húsnæðislaus oftar en teljandi er upp og nú síðast hreinlega sett útaf sakramentinu í styrkjakerfi Reykjavíkurborgar! Það hefur verið áhorfendaskortur, þátttakendaþurrð, leikverkalömun, og jeminn hvað við höfum stundum átt skelfilega bágt og verið misskilin! Enn sem komið er hefur Hugleikurinn þó aldrei rotast almennilega og alltaf skakklappast einhvernveginn á lappir undan öllusaman, svona frekar en að drepast ofan í klofið á sér. Og haldið áfram að fíflast. Ég man ekki hvaða leikdómari sem talaði um að Hugleikur svifist einskis til að vera fyndinn. Og í því er mikið til. Eða var allavega í minni tíð.

Ég er nýbúin að fatta að ég er búin að vera fjarri Hugleiknum í yfir áratug. Samt tekist að skrifa og láta setja upp einn einþáttung … sem ég sá reyndar ekki. En þá sjaldan ég hitti eitthvað af þessu fólki, í erindum eða erindisleysi, er eins og ég fái smá aukaskammt af geðlyfjum. Mín niðurstaða af þessu þrjátíu ára samneyti við þetta skemmtilega úrræði er: Það er geðbætandi að haga sér eins og fífl!


Til hamingju með afmælið, Hugleikur minn.
Stofnendur: Til hamingju með barnið!

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Hugleikari að eilífu

















„Ég held að þetta hafi verið framúrstefna án þess að við vissum það“

Hjördís Hjartardóttir settist niður með tveimur af stofnfélögum leikfélagsins Hugleiks, þeim Ingibjörgu Hjartardóttur og Unni Guttormsdóttur, í tilefni af amælisárinu og rifjaði upp fyrstu ár leikfélagsins.

Hjördís: Hvernig byrjaði Hugleikur?

Ingibjörg: Ég og vinkonur mínar hittumst á matsölustað, ég kem inn og sest við borðið, það er þarna alveg fullt í hádeginu, þá kemur Silja (Aðalsteinsdóttir) inn og spyr hvort hún megi setjast beint á móti mér. Hún var boðin hjartanlega velkomin og við förum að tala um leiksýningar og áhugaleiksýningar. Ég hafði veturinn áður leikið með leikfélagi Dalvíkur. „Af hverju er ekkert áhugaleikfélag í Reykjavík?“ spyr Silja…

Unnur: …ekki vissi ég það, var það hún sem kom með hugmyndina?

Ingibjörg: Allavega kom þessi hugmynd upp þarna við borðið. Hún sagði: „Þetta ætti að vera í hverju hverfi“ , man ég. Vesturbæ og Austurbæ og … svo var boðað til stofnfundar...

Unnur: … ekki stofnfundar…

Ingibjörg: Það var boðað til fundarins sem var í kirkjunni, borgarbókasafninu í kjallaranum í Bústaðakirkju og eftir fundinn fórum við í bílinn…

Unnur: …þú og Sigrún Óskars…

Ingibjörg: …og Magga og fórum út á Loftleiðir að sækja Gyðu og sögðum henni að við ætluðum að stofna leikfélag … og það var bara drifið í því. Við Magga vorum að skrifa á umslög með fundarboðinu á stofnfundinn og þá komu upp Jón föðurbróðir Möggu, Stella mamma hennar og Sigga og Sindri og ég sendi í minn hóp sem voru meira og minna systkini mín…

Unnur: …og Sigrún talaði við mig og mér fannst þetta svo fyndið að ætla að fara að stofna leikfélag að ég sagði bara umsvifalaust já og kom á þennan fund í kirkjunni.

Ingibjörg: Þetta hefur verið í mars 1984. Þarna mættu tveir karlmenn og nítján konur. Og þá var bara ákveðið strax að við skyldum leika elsta leikritið sem við fyndum.

Unnur: Það var vegna þess að við áttum enga peninga og það þarf að borga höfundarlaun…

Ingibjörg: Þess vegna fundum við löngu dauðan höfund.

Unnur: Er það ekki 50 ár sem höfundarrétturinn endist og því þurfti ekki að borga honum? Þetta var *Bónorðsförin* eftir Magnús Grímsson.

Ingibjörg: Sem hann skrifar átjánhundruðníutíu og eitthvað.

Hjördís: Hvað var þetta, var þetta bara fíflagangur eða þorsti eftir frekari leikhúsmenningu eða…

Ingibjörg: Fyrst og fremst vettvangur til þess að við hefðum gaman.

Unnur: Ég var alltaf að fíflast, mér fannst þetta svo skemmtilegt, skemmtilegt fólk og alveg ótrúlega skemmtileg hugmynd, - ég hef aldrei haft þá ósk að standa á sviði, en ég ákvað að það væri svo margt annað hægt að gera, kanski sópa eða eitthvað, kanski hella á könnuna…

Ingibjörg: …eða vera hvíslari…

Unnur: …og áður en ég vissi af þá var ég farin að leika, sem ég hafði aldrei gert fyrr og skrifa leikrit fyrir fólk sem kunni ekki að leika. Við vorum þrjár að skrifa leikrit og kunnum það ekki, þess vegna tókum við Matthías Jochumson

Ingibjörg: *Skugga Svein.*

Unnur: Það var verið að leika *Skugga Svein* í Þjóðleikhúsinu, við gátum nú ekki verið minni menn.

Ingibjörg: Við urðum að vera dáldið öðruvísi en þau.

Unnur: Það var líka vegna þess að þetta voru mest megnis konur að við urðum að kynbreyta Skugga Sveini.

Ingibjörg: …og útilegumannagenginu.

Unnur: …og Skugga Sveinn varð Skugga-Björg.

Ingibjörg: En þetta hversvegna og fyrir hvern við værum að skrifa, – sumir tóku þessu af fúlustu alvöru eins og til dæmis ég, það hvarflaði ekki að mér að við værum eitthvað að fíflast. En ég var ægilega hissa hvað var auðvelt að fá fólk til að ganga til liðs við hópinn.

Tveim dögum áður en við sýndum *Bónorðsförina* hringdi Magga í mig og sagði að við yrðum að láta fólk vita að þetta væri bara grín, við gætum ekki verið að gabba fólk alla leið í Stúdentakjallarann haldandi að það væri að fara að sjá leikrit.

Unnur: En þetta var þannig að við förum að lesa upp úr *Bónorðsförinni* og svo var farið að velja í hlutverk. Við kunnum þetta ekki, við vissum til dæmis ekki að það þyrfti að vera leikstjóri, það þyrfti að sminka fólk í framan og búningar og eitthvað svoleiðis. Steinunni blöskraði svo…

Ingibjörg: …hún var lærður leikari…

Unnur: … hvað við vorum miklir amatörar að hún fer að leikstýra okkur og segja okkur til með búninga og svo þurfti líka hvíslara. Svo náttúrulega voru söngvar í þessu leikriti og Sigrún var gift tónskáldi; Eiríki Sigtryggssyni, og hann samdi lög við textana.

„Ekki verður allt með auðu fengið…“ og það var kór sem söng og ég söng alltaf áttund neðar en allir aðrir, það fór svoldið í taugarnnar á Sindra.

Ingibjörg: Hann var svo músíkalskur. En mínar væntingar til Hugleiks voru þær að ég fengi að stíga á svið og leika.

„Við vissum til dæmis ekki að það þyrfti að vera leikstjóri“



Ingibjörg og Unnur

Unnur: Já og þú gerðir það með bravör

Ingibjörg: …yfirleitt lítil hlutverk…

Hjördís: Fyrst tvö leikrit eftir löngu dána höfunda til að sleppa við höfundarlaunin. Hvernig kom upp hugmyndin að fara að skrifa sjálfar?

Ingibjörg: Við Sigrún byrjuðum og fengum þig Unnur fljótt til liðs við okkur og þú varst svo dugleg að finna allskonar fyndnar setningar.

Unnur: Ég var bara í þjóðsögunum og svo allar þessar pápísku bænir.

Ingibjörg: „Heilagur Páll á miðri mér.…“

Unnur: „…og marghataður Lúsifer.“

Ingibjörg: Svo höfðum við frumsýningu á S*kugga Sveini,* með leikstjóra Bjarna Ingvarssyni.

Unnur: Við fengum Bjarna fyrst til að vera með okkur á námskeiði, leikaranámskeiði.

Hjördís: Bara vaxandi metnaður.

Unnur: Hann hafði þennan húmor sko og næmt auga þannig að hann lét okkur lesa og klippti svolítið út og það var bara af hinu góða. Síðan fer hann að koma með þennan hugleikshúmor sem kallaður er eins og þegar Galdra Héðinn er að selja Jóni sterka galdur og Jón tekur upp krítarkort til að borga.

Ingibjörg:…þetta kom nú líka frá leikarahópnum…

Unnur: Það voru alskonar svona skemmtilegheit sem komu og við náttúrlega espuðumst upp og bættum í.

H:: Ég man svo vel þegar við vorum að kíkja út í salinn og segja það er komið ókunnugt fólk, svo hissa þegar voru aðrir en vinir okkar og fjölskylda.

Unnur: … hvað er þetta fólk að gera…

Ingibjörg: Svo sáum við Svein Einarsson Þjóðleikhússtjóra og þá var nú hvíslað.

Unnur: Munið þið eftir þegar við vorum í Kópavogsleikhúsinu, við vorum að mála okkur og lítum út um gluggann og koma ekki allir leikararnir úr Þjóðleikhúsinu sem voru að leika í *Skugga Sveini*. Jesús góður hvað okkur brá. Við vorum ekki tilbúin að fara að leika fyrir svona fínt fólk.

Hjördís; Man ég ekki rétt að það var Sigrún Valbergs sem æsti okkur upp í að sýna þetta oftar?

Ingibjörg: Hún kom baksviðs, hún var þá framkvæmdastjóri Bandalags áhugaleikfélaga og sagði þið eruð brjáluð ef þið ætlið ekki að hafa fleiri sýningar.

Unnur: Og ég segi hvaða manneskja er þetta eiginlega.

Ingibjörg: Hún verður svo einn aðalleikstjóri Hugleiks í mörg ár.

Unnur: Hún leikstýrði mörgum leikritum og fílaði alveg í botn þennan einkennilega húmor okkar.

Ingibjörg: En það má segja það að höfundar eða meðhöfundar, eins og til dæmis í *Skugga-Björgu*, þar er þar mikið snúið á hvolf og stytt þannin að það má alveg segja að við höfum gert alveg aðra útgáfu. Stytt og endurskrifað.

Unnur: Við gerðum þetta mikið saman hópurinn, en við kannski ritstjórar.

Hjördís: Hvað er minnistæðast við Hugleiksárin? Hvað er skemmtilegast?

Ingibjörg: Ég held það hafi verið árin okkar í Hlaðvarpanum og uppi á…

Unnur: …Galdraloftinu.

Ingibjörg: Kannski minnistæðast þegar ég var að drösla strákunum mínum upp í bíl.

Sigrún Óskarsdóttir, Inigbjörg Hjartardóttir og Unnur Guttormsdóttir



Unnur: Þeir voru alltaf með okkur.

Ingibjörg: Þeir sváfu bara baksviðs ofan á búningunum, svo bárum við þá út í bíl, Sigrún og ég. Og kistuna, við vorum alltaf með allar eignir félagsins í kistu.

Unnur: Mér finnst þetta bara allt áhugavert og skemmtilegt því þetta er fólk sem hefur aldrei stundað svona leiklist, kanski verið með leiklistaráhuga og verið duglegt að sækja leikhús, en enginn hafði verið að, hvorki skrifa né leika eða vinna nokkuð í leikhúsi og það opnast alveg nýr heimur fyrir manni. Mér fannst það bara svo merkilegt að vera allt í einu farin að skrifa leikrit og ég sem ætlaði bara að sópa og hella á könnuna var allt í einu farin að leika líka. Það hvarflaði ekki að mér að ég gæti munað svona rullur.

Ég ætlaði að segja líka að allt þetta fólk sem kom og var með okkur það var að hefja sín fyrstu skref. Sumir urðu leikarar og sumir fóru að skrifa leikrit fyrir atvinnuleikhús, eins og strákarnir Toggi, Ármann og Sævar.

Ingibjörg: Og ég skrifaði fyrir Leikfélag Akureyrar

Unnur: Það komu þarna fram alskonar talentar og tónskáld og skáld sem gerðu alveg rosalega skemmtilega texta. Mér fannst þetta svo merkilegt að allt í einu spruttu upp allir þessir talentar.

Hjördís: Ég held þetta fólk kalli sig ekki skáld í símaskránni.

Unnur: Nei.

Hjördís: Hvaða minnimáttarkennd er þetta, ert þú skáld í símaskránni?

Unnur: Nei.

Ingibjörg: Ég er rithöfundur í símaskránni.

Unnur: Ég ætti kannski að fara að kalla mig ljósmyndara.

Ingibjörg: Kallaðu þig; ljósmyndari, skáld og leikari.

Unnur: Það var eitt, eins og í *Bónorðsförinni*, sko leikararnir gátu ekki munað textann sinn, það var þarna hvíslari sem hvíslaði svo hátt vegna þess að leikararnir heyrðu svo illa, og svo var hvíslað og þá sagði Jón fö „Haa…“ og það var allt eftir þessu og leikararnir þarna; Haraldur og Jón fö, þeir voru bara komnir í búningana en áttuðu sig ekkert á því að leikararnir áttu að vera baksviðs.

Ingibjörg: Já settust við borð…

Unnur: …þeir settust bara við eitt borðið og fóru að fá sér kaffi og kleinur og svona og þegar gestirnir fara að ganga í salinn þá er horft á þá og sagt „Mikið er fallegt af ykkur að bjóða fólki af Skálatúni“, og svo man ég

eftir því að þú Ingibjörg hrasaðir á sviðinu og misstir hárkolluna niður af sviðinu og þú þurftir að skríða til að ná í hárkollina, – sko þetta var allt svona.

Ingibjörg: Ég lék Bjarna sem var vonbiðillinn.

Unnur: Haraldur var elskhuginn, fyrsti elskhugi Hugleiks.

Ingibjörg: Jón fö var líka vonbiðill.

Ingibjörg: „Heldur þú nú Þrúður mín…“ (skrollandi framburður) sagði Haraldur „…að hún vilji mig nokkuð“, hann var með svona lafandi hendur og með lafandi vettlinga.

Unnur: Það var þetta sem var svo rosalega fyndið og fólkið skemmti sér svo vel á þessari sýningu út af þessum vitleysisgangi í okkur

Hjördís: Þetta er *Bónorðsförin*, *Skugga-Björg* og *Sálir Jónanna*, svo kemur *Ó þú* og þá er bara hoppað út úr miðöldum og þjóðsögunum yfir í nútímann

Unnur: Já, Jón Thor *Pilt og stúlku*.

Hjördís: Var þetta ekki byggt á einhverjum sögum eftir Ingibjörgu Sigurðar?

Ingibjörg: Jú jú líka.

Unnur: já við notuðum hana svolítið.

Ingibjörg: Jú Ingibjörg, – þar er alltaf ríka stelpan í Reykjavík sem spillir fátæku stúlkunni þegar hún kemur til borgarinnar og verður spillingunni að bráð. Sko kanski byggt á *Pilti og stúlku*, en við fórum ekkert eftir sögunni, ég held það hafi bara verið nöfnin.

Unnur: Það er samt þessi óspjallaða sveitastúlka, óspillta kanski frekar og síðan sollurinn í Reykjavík og Gróa á Leiti sem tekst að spilla fyrir þeim.

Ingibjörg: Já og Indriði ræður sig á erlent skip í ástarsorginni, danskt skip sem ferst…

Unnur: Þar kemur svolítið Ingibjörg.

Ingibjörg: …og hann segir „Bjargið hinum fyrst.“

Unnur: Sigríður orðin hjúkrunarkona, sinnir honum og happy end.

Hjördís: Hér er bara algerlega sokkið á kaf í rómantíska drauma. Er eða var Hugleikur svona rómantískur?

Unnur: Þetta voru höfundarnir sem voru svona svakalega rómantískir.

Ingibjörg: Leikhús á að vera samfélagsgagnrýnir og við vorum að hæðast að ýmsum gildum eins og.…

Hjördís: Var þetta ekki rómantík?

Ingibjörg: Jú þetta var rómantík, átti að vera gagnrýni, lesa í gegnum rómantíkina hvernig við notuðum hana til að hæðast að samfélagi sem gengi út frá því að konur væru fórnfúsar og undirgefnar.

„Sumir sögðu að við værum afturúrstefnuleikfélag“

Unnur: Við vorum svo djúpar.

Ingibjörg: Bara svona eins og Brecht.

Unnur: Já má alveg líkja því saman.

Hjördís: Þessi sterka samfélagslega gagnrýni, munið þið eftir fleiri verkum þar sem hún kemur?

Ingibjörg: Já t.d. *Ingveldi á Iðavöllum*, þar kemur stéttaskiptingin, jarðeigendur og aðrir. Það mætti segja að við tækjum fyrir hin ýmsu réttlætismál.

Hjördís: Að lokum, hvað var Hugleikur á þessum árum frá 1984 til tvöþúsund meðan þið voruð með?

Ingibjörg: Ég mundi kalla það, sko við vorum ekkert síður leiksmiðja, þetta var sko eiginlega hugmyndasmiðja, við vorum áhugaleikarar. Þetta er bara eins og listamenn, ef maður er listamaður þá leitar maður einhvernvegin í svona sem aðrir meta einskis virði því það er ekki hægt að græða á því.

Unnur: Það gefa náttúrlega allir vinnuna sína, við erum bara að þessu í tómstundum.

Ingibjörg: Mundirðu ekki ekki alveg eins vilja kalla þetta ritsmiðju?

Unnur: Þetta er ritsmiðja og æfing fyrir þá sem hafa áhuga á að leika, að semja tónlist, gera leikmynd og búninga, það er svo margt í kringum þetta.

Hjördís: Hvernig menningarfyrirbæri var þetta?

Ingibjörg: þetta var róttækt afl þó svo að það taki ekki afstöðu til stjórnmálaflokka, þetta var róttækt leikhús.

Unnur: Ég held að þetta hafi verið framúrstefna án þess að við vissum það vegna þess að við erum að skrifa allt sjálf, erum í raun svoldið að fíflast og síðan erum við að leika okkur og það hafa allir gaman það er alltaf gaman.

Ingibjörg: Sumir sögðu að við værum afturúrstefnuleikfélag.

„Kannski er þetta bara grasrótin sjálf“

Hjördís Hjartardóttir

Silja Aðalsteinsdóttir er uppáhalds leiklistargagnrýnandi Hugleiks. Ekki aðeins hefur hún verið öðrum gagnrýnendum duglegri að sjá sýningar heldur hefur hún skrifað, ekki bara faglega heldur fallega um verkefnin. Síðast en ekki síst hefur sérstakur og skemmtilegur hlátur hennar ætíð verið til mikillar prýði í áhorfendahópnum.

Hér upplýsist gamalt leyndarmál: Hún átti sér draum um að verða Hugleikari.

Hjördís: Þú sást fullt af Hugleikssýningum.

Silja: Já ég reyndi að sjá þær allar en tókst það nú ekki. Stundum var ég einhvers staðar annars staðar og stundum var ég bókuð en ég reyndi virkilega að gefa mér tíma til að sjá þær. Ein af ástæðunum var að þegar ég frétti fyrst af Hugleik þá hugsaði ég „þetta er eitthvað fyrir mig“. Ég velti fyrir mér að reyna að sækja um og sjá hvort ég gæti komist að því mig mundi langa til þess að vera með í hópnum, en ég hafði bara of mikið að gera til að ég gæfi mér nokkurn tíma til að gá hvort ég gæti komist að. Það er svona svolítið leikaragen í mér sem hefur aldrei fengið útrás, sem hefði ábyggilega notið sín ef það hefði fengið inni.

Hjördís: Nú get ég ekki stillt mig um að spyrja hvort þú munir eftir einhverju sérstöku hlutverki sem þú hefðir viljað leika?

Silja: (skellir upp úr) Hlutverkin hennar Huldu, þau höfðuðu alltaf mjög sterkt til mín. Hún náttúrlega gerði þetta alltaf svo vel og er svo klár og góð leikkona. Ég gat alveg sett mig í hennar spor og ímyndað mér að ég stæði þarna í staðinn fyrir hana.

Hjördís: Þú ert að vinna sem leikhúsgagnrýnandi á þessum tíma þegar Hugleikur byrjar.



Mynd: Sigþrúður Silju Gunnarsdóttir

Silja: Nei þá var ég ekki að skrifa nein staðar en svo var ég hjá útvarpinu, þá var ég ábyggilega ekki send, en fór bara fyrir mig. Byrjaði síðan á DV og þá fór ég gjarnan á Hugleik og menntaskólasýningar bara því mér fannst gaman að sinna þeirri grein. Ég gerði þetta í mínum tíma af því mig langaði svo.

Hjördís: Skrifaðir þú ekki um leikrit þegar þú varst hjá Þjóðviljanum?

Silja: Já það er rétt, en ég var svo stutt þar.

Hjördís: Náðir samt að skrifa um Hugleik ef ég man rétt.

Silja: Það var gott.

Hjördís: Ef maður hugsar um Hugleik í menningar- og listasamfélaginu, ekki bara sem stað fyrir fólk til að fíflast, hafa gaman og láta eins og kjánar…

Silja: …sem ekki ber að vanmeta.

Hjördís: …nei, en hvernig kom Hugleikur inn í leikhúsflóruna?

Silja: Mér hefur alltaf fundist hann eiga erindi og vera mjög skemmtilegur þáttur í leikhúslífi Reykvíkinga jafnvel þótt sýningarnar hafi bara verið ein eða tvær á ári. En burtséð frá því að þetta er áhugamannaleikfélag í borg, ef við getum kallað Reykjavík það, þá tók náttúrulega Hugleikur sér svo merkilega stöðu, eins og hann gerir og gerði, með því að vinna úr menningararfinum. Taka þjóðsögur, gamlar skáldsögur, sögulega atburði eða merkileg skeið í Íslandssögunni. Þetta var svo vel gert, svo upplýsandi, svo menntandi fyrir þá sem komu að sjá og þetta gerði og gerir enginn annar: Að taka sögurnar hans Jóns Thoroddsen eða þjóðsögurnar eða eins og Hugleikur vann úr stríðsárunum og millistríðsárunum. Þetta bara skiptir máli finnst mér. Það er náttúrlega vegna þess að hópurinn er svo menningarlega sterkur og það er gæfa hans og okkar. Þetta gætu allt eins verið manneskjur sem hefðu engan áhuga á sögu eða bókmenntum eða fornu fari og búa til, eins og Hugleikur líka gerði, bara leikrit beint úr blæðandi samtímanum, unglingamenningu nútímans. Það gerði margar þessar sýningar svo óvæntar. Maður hélt að maður vissi hvað maður var að fara að sjá en svo reyndist það allt annað en það sem maður hafði búið sig undir.

Hjördís: Höfundarnir, a.m.k. til að byrja með, voru fæddir um miðja síðustu öld, meira og minna aldir upp úti á landi og eina afþreyingin Ríkisútvarpið og bókalestur. Svo er svo skemmtilegt að þú ert að nefna Jón Thoroddsen. Ábyggilega að hugsa um *Pilt og stúlku*.

Silja: Já hét það ekki *Þú og ég* …

Hjördís: *Ó þú*, en ég held það hafi mest byggt á einhverjum sögum eftir Ingibjörgu Sigurðardóttur.

Silja: (hlær hátt) Já var það?

Hjördís: En það er nú líka hluti af okkar bókmenntahefð, einhvern tíma voru hún og Guðrún frá Lundi mest lesnu höfundarnir.

Silja: En hefur Hugleikur aldrei skipt sér af Guðrúnu frá Lundi?

„Ég man ekki eftir neinni Hugleiksýningu sem var misheppnuð“

Hjördís: Neeei…

Silja: Nei ég man heldur ekki til þess.

Silja: Þú segir þið mörg alin upp úti á landi. Það er náttúrlega svo merkilegt að oft er það þannig með þessi áhugamannafélög úti á landi, að þau fá til sín leikstjóra úr Reykjavík, sem býr til með þeim sýningu, en þið komuð utan af landi og bjugguð til sýningu með reykvískum leikstjóra. Það var svo andskoti skemmtilegt og það sem mér finnst vera svo stór plús við Hugleik, því maður hefur nú ýmislegt heyrt af kveðskap í stóru atvinnuleikhúsunum, hvað allt sem varðaði kveðskap var vel gert og haganlega og hvað músíkin var helvíti góð. Þið eruð náttúrulega með gríðarlega sterka músíkanta í ykkar röðum.

Hjördís: Já, það er það. Bæði flytjendur og höfundar.

Silja: Já já og skáld. Virkilega fína hagyrðinga sem alveg mega kalla sig bara skáld.

Hjördís: Gott að heyra þig segja að skáld megi ennþá yrkja hefðbundið.

Silja: Já já við eigum náttúrlega Braga Valdimar og Þórarinn Eldjárn.

Hjördís: Er eitthvað svona sérstakt sem þú manst eftir?

Silja: Það var strákur ættaður af Hólsfjöllum sem lék djöfulinn í ansi skemmtilegri sýningu og ég hugsaði bara þessi strákur á að fara í leiklist, hann var svo fínn. Ætli það hafi ekki verið grín um Gullna hliðið. Annars man ég nú bara best eftir sýningunum núna í Tjarnarbíó um stúlkurnar í húsmæðraskólanum og stríðsáraleikritin og hún Þórunn Guðmundsdóttir er náttúrlega alveg sér á parti því hún getur alla skapaða hluti. Já þetta voru virkilega skemmtileg verk.

Hjördís: Þórunn er náttúrlega svona atvinnumaður sem er að villast í áhugaleikhúsi.

Silja: Missir fyrir atvinnuleikhúsin. Verst að ég hef verið svo upptekin að ég hef ekki haft tíma til að vinna vinnuna mína fyrir þetta viðtal til að koma með svona virkilega úttekt á Hugleik og starfi hans í fjörutíu ár.

Hjördís: Ég er að hugsa: Var Hugleikur kannski illgresi í garði listarinnar?

Silja: Ég er viss um að þátttakendur hafa fengi mikið út úr sinni vinnu, mikla gleði. Ég man ekki eftir neinni Hugleiksýningu sem var misheppnuð, sem skeður stundum í stóru leikhúsunum.

Hjördís: Eða var hann ekki svolítið fallegt illgresi, skemmtilegt illgresi?

Silja: Bæði fallegt og skemmtilegt. Bara ljótt að kalla hann illgresi. Kannski er þetta bara grasrótin sjálf.

Hugleikarar eru rétt einu sinni farnir af stað í þessari hanabjálkaboru þarna á Galdraloftinu fáum til fagnaðar. Á síðustu árum hefur hver sveitasymfonían rekið aðra og svo var komið að menn voru jafnvel ekki óhultir fyrir sveitasymfoníum i Hugleiksstíl i hinum betri leikhúsum borgarinnar. Nú hefur verið breytt til og ekki til hins betra. Nú eru vandamál samkeppnisþjóðfélagsins tekin fyrir i fáránlegri skrumskælingu i lélegum Spaugstofustíl. Maður spyr sjálfan sig, hvar er íslensk menning á vegi stödd? Hvað er orðið um veruleikaskyn samtíðarinnar? Leikhúsfólk hlýtur að spyrja sig nokkurra grundvallarspurninga áður en farið er af stað með sýningu. T. d. hvað vill fólk sjá? Þarf ekki verkið að endurspegla mannlegt þjóðfélag og viðhorf? Eiga ekki persónurnar að vera raunsannar með heilbrigðar tilfinningar, hugsjónir, sorgir, ástir og þrár? Fullyrða má að öll metnaðarfull leikskáld svari þessum spurningum játandi og miði verk sín við það. En hjá Hugleikurum kveður við annan tón. Arfur fortíðarinnar og siðgæðismat er þeim ekki lengur nokkurs virði. Hjá þeim eru persónur ekki lengur fólk af holdi og blóði heldur afkáralegar fígúrur, hreyfingar þess eru ekki lengur frjálsar og þokkafullar heldur tilgerðarlegar og þvingaðar, siðgæðið er ekki lengur heiðarlegt og kristilegt heldur gegnumrotið og flærðarfullt, orðfærið er ekki lengur þróttmikið og kjarnyrt íslenskt mál heldur enskuskotnar ambögur og útjaskaðir frasar, ást og trygglyndi eru ekki lengur í heiðri höfð heldur einungis klámkennt káf og framhjátökur. Sem betur fer er Hugleikur ekki vaxtarbroddur íslenskrar leiklistar. Þá væri vá fyrir fyrir dyrum. Hugleikur er dæmi urn úrkynjaða neðanjarðarmenningu sem traðkar á hugsjónum og menningarverðmætum nútímaþjóðfélagsins en upphefur sorann. Megi hann aldrei þrífast.

Árni Hjartarson
Prólógus úr *Yndisferðum* (1990)









Sá furðulegi skilningur sem hér er lagður í mörg af fegurstu erindum *Hávamála* á sér enga stoð í fornum orðabókum og viðurkenndum skýringum við kvæðið. Því verður að vara áhorfendur við óæskilegum áhrifum bessa leikverks. Að fara í leikhús getur verið góð skemmtun en trúr sínu póstmóderníska eðli hefur Hugleikur nú stillt sér upp á milli þín, leikhúsgestur góður, og hins forna kvæðis og heimtar að þú lesir kvæðið héðan í frá í gegnum hin hugleiksku gleraugu fáránleikans. Þar með er Hugleikur orðinn höfundur *Hávamála* í skilningi bókmenntafræðinnar, hefur sest í sæti Óðins sem getur reynst fákunnandi mönnum lífshættulegt. Þessum leik-flokki er bersýnilega ekkert heilagt. Ekki einu sinni *Hávamál*. Og það á kristnitökuári.

Gísli Sigurðsson
Úr leikskrá *Ég sé ekki Munin* (2000)

Að þessu sinni er klámfengin saga tekin traustataki úr safni Jóns Árnasonar þar sem góða og húslega systirin Helga leikur á vonda risann með því að segjast vera Kolrassa krókríðandi eftir því sem Guðný Einarsdóttir á Akureyri sagði frá - og er það ekki undarlegt að sagan skuli koma að norðan eins og svo margir Hugleikarar. Kolrassa þessi er annars hvergi til nema sem kvennahljómsveit og nú sem leikrit og því er ekki annað að sjá en að hún sé hugarburður og blekkingar Helgu sjálfrar sem nær með þessu bragði að bjarga sér og fjárhag allrar sinnar vondu fjölskyldu með því að eigna sér þýfið úr helli risans í stað þess að kalla á lögleg yfirvöld - eins og skynsöm stúlka hefði átt að gera.

Gísli Sigurðsson
Úr leikskrá *Kolrössu* (2002)



„Hugleikur er kotroskið leikfélag,“

segir í leikdómi um *Aldrei fer ég suður*. Eins og allir aðrir gagnrýnendur fer þessi síðan að hafa áhyggjur af að leikrit félagsins sem í upphafi einkenndust af „glensi og galgopaskap“ hafi þróast yfir í að Hugleikur hafi farið að leika „of vel.“ Ef farið væri í orðræðugreiningu leikdóma um Hugleik kemur orðið leikgleði líklega oftast fyrir. Ásamt með orðum eins og húmor, ofleikur og áðurnefnt glens og galgopaskapur.

Fyrir hefur þó komið að Hugleik hefur tekist að ganga fram af gagnrýnendum. Til dæmis fengum við skömm í hattinn hjá einum gagnrýnenda fyrir að „hlæja að Fjölnismönnum“ í verkinu *Fáfnismenn*.

Fallegasta gagnrýni sem félagið hefur fengið hlýtur þó að vera þegar sænskur áhorfandi hreinlega slasaði sig af kæti í áhorfendasal, á sýningu á *Sálir Jónanna ganga aftur* á leiklistarhátíð í Harstad í Noregi. Umræddur maður tók svo mikil bakföll að hann hjó í sundur á sér ennið á sætinu fyrir framan. Fór og lét sauma, og mætti síðan á aðra sýningu sama stað. Hættulega fyndin sýning!

Annars hafa margir umfjallendur haft orð á „hinum tæra einfaldleika“, „einlægninni“, og öllu þessu ofur amarörska sem þeir halda að við séum alltaf að ýkja. Eru síðan öðrum þræði með böggum hildar yfir því að Hugleikur sé að verða of „pró“ og gæti farið að taka sjálfan sig of alvarlega og gera „alvöru“ leikhús.

Eftir þessi fjörutíu ár af fíflagangi þarf líklega ekki að eyða fleiri dálksentímetrum í að hafa áhyggjur af því.

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Hugleikur á faraldsfæti

Hugleikur var aðeins þriggja ára þegar hann lagði fyrst land undir fót og fór í sína fyrstu leikferð. Það var á vordögum árið 1987, þegar leikritið *Ó þú...* var sýnt á **Grund í Svarfaðardal** í tengslum við aðalfund Bandalags íslenskra leikfélaga. Það voru hæg heimatökin þar sem sumar af aðalsprautum félagsins voru fæddar í umræddum dal og aðrar ættaðar þaðan. Ferðin varð auðvitað mikið ævintýri og hin besta skemmtan fyrir öll sem þátt tóku, og verkinu vel tekið norðan heiða.

Aftur skrapp Hugleikur á Bandalagsþing 1990, en þá öllu styttri leið, yfir Hellisheiði til **Hveragerðis**, en það árið var haldin leiklistarhátíð í tengslum við þingið. Önnur slík, helguð einþáttungum, var haldin á **Patreksfirði** tveimur árum síðar, og þangað fór félagið með *Ó, færiband*, fyrsta stuttverk félagsins og má segja að þar hafi verið sáð frjóu fræi. Félagið hefur tekið þátt í öllum stuttverkadagskrám Bandalagsins síðan, og of langt mál að telja það allt saman upp.

Vorið 1997 koma aftur ferðahugur í Hugleikara. Þá var haldið með *Embættismannahvörfin* í **Freyvang í Eyjafirði** í framhaldi af því að menningarfulltrúi þar um slóðir hafði heillast af sýningunni í Reykjavík og hafði frumkvæði að því að bjóða félaginu norður og afla tilheyrandi ferðastyrkja. Sömuleiðis afar skemmtileg og eftirminnileg ferð, en krefjandi að koma sýningunni fyrir á mun minna sviði og endurstilla rýmisminnið í sviðshreyfingum, enda fór svo að einn aðalleikaranna steig fram af sviðinu og hlunkaðist fram í sal við tilheyrandi hlátur og hveljusog áhorfenda. Hugleikur hefur annars ekki verið sérlega duglegur að ferðast innanlands, en þó farið á ýmsar stuttverkahátíðir í tengslum við þing Bandalags íslenskra leikfélaga. Þó fór stórsöngleikurinn *Kolrassa* í ferð norður í land sumarið 2002, og var sýnd á **þjóðlagahátíð á Siglufirði** og í **Samkomuhúsinu á Akureyri**. Hugleikur hefur að sjálfsögðu ekki látið sig vanta á leiklistarhátíðir Bandalagsins. *Ég sé ekki Munin* var

1987	Ó, þú…	Húsabakki, Svarfaðardal
1990	Yndisferðir	Hveragerði
1997	Embættismannahvörfin	Freyvangur
1998	Sálir Jónanna ganga aftur	Leiklistarhátíð NAR, Harstad, Noregi
1999	Sálir Jónanna ganga aftur	Trakai Festival, Trakai, Litháen
1999	Sálir Jónanna ganga aftur	Aðalfundur Meginfelags áhugaleikara Føroya, Þórshöfn, Færeyjum
2000	Bíbí og Blakan	Leiklistarhátíð NEATA, Trakai, Litháen
2000	Ég sé ekki Munin	Leiklistarhátíðin L2000, Akureyri
2002	Kolrassa	Þjóðlagahátíð á Siglufirði, Siglufjörður - Akureyri
2002	Bíbí og Blakan	III. International Festival of Amateur Theatres, Gatchina, Rússlandi
2003	Bíbí og Blakan	Europäische Amateurtheatertage, Rudolstadt, Þýskalandi
2004	Undir hamrinum	Leiklistarhátíð NEATA, Viljandi, Eistlandi
2005	Patataz	Leiklistarhátíðin „Leikum núna!“ , Akureyri
2005	Memento mori	Leiklistarhátíðin „Leikum núna!“, Akureyri
2005	Undir hamrinum	Mondial du theatre, leiklistarhátíð IATA, Mónakó
2006	Undir hamrinum	Lipetsk, Rússlandi - Sjelykovo, Kostroma-héraði, Rússlandi
2006	Memento mori	Leiklistarhátíð NEATA, Þórshöfn, Færeyjum
2007	Memento mori	Leiklistarhátíð IATA/AITA, Masan/Changwon, Suður-Kóreu
2008	Útsýni	Leiklistarhátíð sænska áhugaleikhússambandsins ATR, Västerås, Svíþjóð
2008	Bingó	Leiklistarhátíð NEATA, Riga, Lettlandi
2012	Sá glataði	Leiklistarhátíð NEATA, Sønderborg, Danmörku
2015	Hin einkar hörmulega ópera um grimman dauða Píramusar og Þispu	Leiklistarhátíð IATA/AITA, Westouter, Belgíu

á **Akureyri** 2000 og *Patataz* og *Memento Mori* á sama stað fimm árum síðar.

Það var hinsvegar árið 1998 sem útrásin hófst og Hugleikur lagðist í flakk erlendis. Félaginu bauðst að vera fulltrúi Íslands á leiklistarhátíð NEATA – áhugaleikhúsbahndalagi Norður-Evrópu, í **Harstad í Noregi**. Þangað var haldið með söngleikinn *Sálir Jónanna ganga aftur* og þar komu einnig sýningar frá öllum Norðurlöndunum, Eystrasaltslöndunum, Rússlandi og Belarus. Það er skemmst frá því að segja að svo vel tókst til að koma afbökuðum og grínaktugum þjóðararfinum til skila þarna norðan við heimskautsbaug að sænskur áhorfandi skallaði stól í mestu hlátursrokunum og hlaut skurð á enni – og heimboðum rigndi yfir í kjölfarið.

Úr varð að Hugleikur þáði boð til **Trakai í Litháen**, þar sem verkið var sýnt á almennri listahátíð sumarið 1999, á útisviði í ævintýralegum kastalagarði úti á lítilli eyju í Galvévatni, en kastalinn og allt umhverfið er mikið stolt heimamanna og sannkölluð póstkortaprýði. Það var magnað að sjá hvað fólk skemmti sér þrátt fyrir að skilja ekki orð í textanum. Noregsævintýrið hafði einnig skilað heimboði til Færeyja og þangað var haldið haustið 1999 þar sem Sálirnar voru sýndar í **Norðurlandahúsinu í Þórshöfn** í tengslum við aðalfund MÁF, meginfélags áhugaleikara Færeyja. Þar hinsvegar skildi fólk textann og aldeilis himneskt að fylgjast með hláturrokum og við-brögðum frænda okkar og vina. Í sömu ferð var einleikurinn *Þrjátíu ár* líka sýndur.

BERNHÖFTSBAKARÍ

HANDVERK SÍÐAN 1834



STOFNAÐ 1834
BERNHÖFTSBAKARÍ
KONDITORI

KLAPPARSTÍG 3, 101 REYKJAVÍK





…tæknimaður náði að strjúka af vistinni …með því að klifra niður samanhnýtt lök, og hrapa svo síðasta spölinn.

Við þetta sálnaflakk allt má segja að Hugleikur hafi verið kominn á ferðabragðið. Næsta tækifæri gafst hratt og vel, þegar NEATA hélt sína aðra hátíð. Segja má að hún hafi verið á hálfgerðum heimavelli Hugleiks, í **Trakai** í Litháen, og þangað fór óperuþykknið Bíbí og blakan árið 2000. Og aftur gerðum við þannig lukku að frekari heimboð hlutust af. Ferð Bíbíar til **Gatsjína** í Rússlandi 2002 var mikil og eftirminnileg svaðilför. Gistiaðstaðan við frostmark, píanistinn þurfti að gera við klósettkassann með Leather-man græju tæknimannsins að vopni, en þessi sami tæknimaður náði að strjúka af vistinni (sem var harðlæst á næturnar) með því að klifra niður samanhnýtt lök, og hrapa svo síðasta spölinn. Allt fór samt vel, sýningin hlaut mikið lof og heimboð á aðra hátíð árið eftir. Sú var í **Rudolstadt** í Þýskalandi, með betra veðri, þægilegri umbúnaði og færri sögum.



Frá leikferð *Embættismannahvarfanna* í Freyvang 1997

Heil tvö ár líða þar til næst gefst færi til utanferða, og aftur verður það þriggja landa framhaldssaga. Hún hefst þegar *Undir hamrinum* verður fyrir valinu sem framlag Íslands á NEATA-hátíð í **Viljandi** í Eistlandi 2004. Þar var hópurinn tekinn á eintal við ráðamenn í samtökunum og hvattur til að sækja um að fara á alþjóðahátíðina í **Mónakó** árið eftir. Sem varð úr.

í skattaskjólinu við Miðjarðarhafið var mikið um dýrðir. Einn leikarinn var bitinn í fótinn af óþekktum flatfiski og lagði síðar leikskóna á hilluna og gerðist laxveiðimógúll, en það er önnur saga og ekki endilega afleiðing af fyrrnefndri árás.



Frá leikferð *Sálir Jónanna ganga aftur* í Þórshöfn í Færeyjum 1999

Helsta svaðilför Hugleiks til þessa var síðan þriðji leggurinn af flakkinu með Hamarinn. Tveggja hátíða túr utan alfararleiðar í rússneska sambandsríkinu. Fyrst til **Lípetsk** þar sem gist var á heimavist ætlaðri blindum börnum og síðan á sveitasetur og sumardvalarstað rússneska leiklistarsambandsins í **Sjeljekhóvó**, þar sem kettirnir í matsalnum tryggðu að rottur kæmust ekki í matinn áður en hungruðum áhugaleikurum var sleppt á garðann.

Ekki tókst aðbúnaðinum í austurvegi að kreista allan ferðavilja úr félaginu. Sama ár var samstarfsverkefni Hugleiks og Leikfélags Kópavogs, *Memento Mori*, á NEATA-hátíðinni í **Þórshöfn í Færeyjum**, og



Æft baksvið. *Bingós* á NEATA hátíð í Lettlandi 2008



Undir hamrinum í leikferð til Mónakó 2005



Sálir Jónanna ganga aftur í Harstad í Noregi 1998



Bíbí og Blakan sýndu í Gatchina í Rússlandi 2002

gerði þannig lukku að hún var send alla leið yfir hálfan heiminn og sýnd á alþjóðahátíð í **Masan** og **Changwon í Suður-Kóreu** árið 2007. Engin íslensku þátttakendanna lagði sér hundaket til munns svo vitað sé, en að öðru leyti var þetta mikil frægðarför.

Árið 2008 lögðu tvær sýningar Hugleiks land undir fót. Eða ein og hálf ef við eigum að vera nákvæm. *Útsýni* gerði góða ferð á hátíð sænska áhugaleiklistarsambandsins, ATR í **Våsteräs**, og *Bingó*, annað samstarfsverkefni með Leikfélagi Kópavogs, fór til **Riga í Lettlandi** á (enn eina) NEATA-hátíðina.

Hugleikur var lengi eitt af öflugustu félögum landsins í að þróa stuttverkaformið og vakti þessi iðja okkar áhuga út fyrir landsteinanna. Svo fór að efnt var til íslensk-færeyskrar stuttverkahátíðar í **Nolsoy** haustið 2011 og þangað fór Hugleikur með þrjú verk: *Jólasögu*, *Ljóð fyrir 9 kjóla* og *Að vera eða ekki vera*.

Enn fór Hugleikur fyrir Íslands hönd á NEATA-hátíð 2012, þegar biblíuleikurinn *Sá glataði* var opnunarsýning í **Sønderborg**, syðst á Jótlandi. Þaðan telst helst til tíðinda að sami tæknimaður og hafði brotist út úr heimavistinni í Gatsjína var látinn sitja með hirðmeyjum krónprinsessunnar Mary, sem var fulltrúi hirðarinnar við setningu hátíðarinnar. Allt fór það betur en á horfðist.

Síðasta strandhögg Hugleiks til þessa var síðan gert í Flæmingjalandi árið 2015 þegar alþjóðaáhugaleikhússambandið hélt hátíð sína í **Vestouter**. Þangað fór Hugleikur með óperu við texta Williams Shakespeares og Helga Hálfdanarsonar um samdrátt og grimman dauða *Píramusar og Þispu*.


Síðan hefur Hugleikur haldið sig heima, en ferðabakterían er alveg örugglega ekki dauð samt. Bara spurning um hvenær hún þróar með sér ónæmi gegn kyrrstöðunni og blossar upp með útbrotum á ný.

Sævar Sigurgeirsson
Þorgeir Tryggvason

Að geta meira og meira

Einn rauður þráður í skrifum um Hugleik, meðan enn tíðkaðist að skrifa um áhugaleiksýningar í dagblöðin, meðan enn var viðeigandi að tala um slíka fjölmiðla í fleirtölu, var hvað þátttakendur spiluðu fimlega úr kunnáttuleysinu. Hvað það væri inngróið í í stílinn sem gagnrýnendur töldu sig nema í sýningum félagsins. Nokkrum árum síðar – reyndar ótrúlega snemma – fór að bera á glósum um að nú þyrfti Hugleikur að fara að passa sig, sumir leikendanna væru orðnir svo ískyggilega flinkir að sjálfri „hugleikskunni“ stafaði hætta af.

1985	Grunnnámskeið	Bjarni Ingvarsson
1986	Leiktækni	Sigrún Valbergsdóttir
1987	Framsögn	Guðrún Stephensen
1988	Spuni	Hanna María Karlsdóttir
1989	Líkamleg tjáning	Árni Pétur Guðjónsson
1991	Söngnámskeið	Margrét Pálmadóttir
1992	Ljóðalestur	Sigrún Valbergsdóttir
1993	Höfundasmiðja	Hávar Sigurjónsson
1994	Textavinna - Shakespeare	Jón Stefán Kristjánsson
1995	Leiktjaldamálun	Steingrímur Þorvaldsson
	Höfundasmiðja	Hávar Sigurjónsson
	Textavinna - Tsjekhov	Arnar Jónsson
	Commedia dell'arte	Sigurþór Albert Heimisson
	Grunnur í leiktækni	Björn Ingi Hilmarsson
1996	Leikrit Jökuls Jakobssonar	Sveinn Einarsson
	Söngur	Þórunn Guðmundsdóttir
1997	Eintalið - Master Class	Viðar Eggertsson
	Höfundasmiðja	Árni Ibsen
1998	Kórsöngur	Örn Arnarson
1999	Texti og tilfinningar	Hjálmar Hjálmarsson
2000	Hægan, Elektra	Viðar Eggertsson
	Trúða- og gamanleikur	Ágústa Skúladóttir
2001	Einþáttungasmiðja	Rúnar Guðbrandsson
	Námskeið í kvæðasöng	Steindór Andersen
2006	Einþáttungasmiðja	Þorvaldur Þorsteinsson
	Handleiðsla fyrir leikstjóra	Sigrún Valbergsdóttir
	Námskeið fyrir leikara	Agnar Jón Egilsson
	Frásögn	Benedikt Erlingsson og Charlotte Bøving
2007	Höfundanámskeið	Bjarni Jónsson
	Leikstjórn I & II	Sigrún Valbergsdóttir
	Námskeið í skapandi tónlistarmiðlun	Gunnar Benediktsson
2009	Leikaranámskeið	Rúnar Guðbrandsson
	Einleikjanámskeið	Agnar Jón Egilsson
2010	Complete Vocal Technique	Þórhildur Örvarsdóttir
2012	Að skapa er að skrifa	Þorvaldur Þorsteinsson
2013	Leikaranámskeði	Þór Tulinius
2014	Söngnámskeið	Kristjana Stefánsdóttir
2015	Leikstjórnarnámskeið	Rúnar Guðbrandsson
2017	Leikritun	Karl Ágúst Úlfsson
	Tónlistarsmiðja	Ármann Guðmundsson og Ásta Elínardóttir
2019	Leikarinn sem skapandi listamaður	Rúnar Guðbrandsson
	Leikstjórinn sem höfundur	Rúnar Guðbrandsson
2020	Leiklistarnámskeið	Bjarni Snæbjörnsson
2021	Höfundasmiðja	Árni Kristjánsson
2022	Leiklistarnámskeið	Gunnar Björn Guðmundsson
2023	Kynningarkvöld í spunaleik	Dóra Jóhannsdóttir









Svipmyndir frá námskeiðum. Stjórnað af (réttsælis frá efra vinstra horni): Gunnari Benediktssyni (2007) Kristjönu Stefánsdóttur (2014 Karli Ágústi Úlfssyni (2017) Rúnari Guðbrandssyni (2019)

Félagsmenn létu þessar aðvaranir sér í léttu rúmi liggja og þjálfuðu sig í list sinni frá fyrstu tíð. Námskeiðahald hefur alltaf verið snar þáttur í starfi félagsins þó umfang þess og áherslur hafi breyst og þróast í tímans rás eins og aðrir þættir starfseminnar.

Framanaf, meðan Hugleikur kunni sér nokkurnvegin hóf í „framleiðslu“ leiksýninga, tíðkaðist að halda námskeið að hausti meðan höfundar settu saman handrit, en snúa sér síðan að uppfærsluvinnu upp úr áramótum. Stundum en ekki alltaf voru námskeiðshaldarar einmitt leikstjórarnir sem ráðnir höfðu verið til að sigla næsta verki upp á svið.

Með tímanum riðlaðist þetta kerfi. Pláss fyrir námskeið á dagatali félagsins fór minnkandi með vaxandi sýniþörf, og áhugi á að kynna sér allskyns skrítna anga listarinnar jókst. Stundum er reynt að láta námskeiðin enda með fullgildum leiksýningum á afrakstrinum. Sem minnir okkur á að það er fyrst og fremst uppsetningarvinnan sjálf sem stælir færni þátttakenda.

Engu að síður var örugglega hollt fyrir okkur að fá tilsögn í framsögn hjá Guðrúnu Stephensen, fræðast um Commedia dell'arte hjá Sóra, láta Margréti Pálma, Þórhildi Örvars og dr. Tótu tuska söngraddirnar til og fá Þorvald Þorsteins til að kveða niður efasemdarraddir í höfðum leikskáldanna. Svo einhver séu nefnd.

Við ætlum aldrei að hætta að læra. Sennilega gætum við það ekki þó við vildum.

Þorgeir Tryggvason



LEIKSTJÓRAR

Þetta er listi yfir þá atvinnuleikstjóra sem tóku að sér verkefni á vegum félagins frá stofnun þess en margir félagsmenn hafa einnig leikstýrt bæði minni og stærri verkum.

Steinunn Gunnlaugsdóttir
Bónorðsförin (1984)

Bjarni Ingvarsson
Skugga-Björg (1985), Sálir Jónanna (1986), Sagan um Svein sáluga Sveinsson í Spjör og samsveitunga hans (1991), Ég bera menn sá (1993)

Sigrún Valbergsdóttir
Ó, þú... (1987), Um hið átakanlega, sorglega og dularfulla hvarf ungu brúðhjónanna Indriða og Sigríðar daginn eftir brúðkaupið og leitina að þeim (1988), Yndisferðir (1990), Þegar sorgin knýr dyra er huggun aldrei langt undan (ljóðadagskrá) (1992), Stútungasaga (1993), Ég held ég sé að bresta í söng (söngdagskrá) (1996), Nóbelsdraumar (1999), Víst var Ingjaldur á rauðum skóm (2001)

Hanna María Karlsdóttir
Ingveldur á Iðavöllum (1989)

Viðar Eggertsson
Fermingarbarnamótið (1992), Sálir Jónanna ganga aftur (1998), Sirkus (2004)

Jón Stefán Kristjánsson
Fáfnismenn (1995, Embættismannahvörfin (1997), Kolrassa (2002), Stund milli stríða (2014)

Hávar Sigurjónsson
Páskahret (1996)

Þór Tulinius
Ég sé ekki Munin (2000)

Rúnar Guðbrandsson
Sjö sortir (2001), Hráskinna (2018)

Ágústa Skúladóttir
Undir hamrinum (2004), Memento mori (2004), Bingó (2007), Sá glataði (2012)

Bergur Þór Ingólfsson
Patataz (2005)


Oddur Bjarni Þorkelsson
Epli og eikur (2007), Ó, þú aftur... (2009)

Hrund Ólafsdóttir
Stóra hangikjöts-, Orabauna- og rófumálið: Taðreyktur sakamálatryllir (2015)

Gunnar Björn Guðmundsson
Húsfélagið (2022), Jólaævintýri Hugleiks (2023)



Jón St. Krisjtánsson leggur línurnar i Stund milli stríða



Hrund Ólafsdóttir eldar Hangikjötið



Sigrún Valbergsdóttir leikstýrði alls átta Hugleiks-verkum

HÖFUNDAR

Á 40 ára sögu Hugleiks hafa verið sett upp leikrit yfir 44 höfunda og þar af hafa 22 þeirra skrifað verk í fullri lengd. Af þeim hafa aðeins níu skrifað leikrit einir sem undirstrikar hversu ríkur samstarfshugur er í Hugleikurum. Allir höfundar nema tveir af 44 hafa svo skrifað stuttverk fyrir félagið.

Adda Steina Björnsdóttir
Anna Kristín Kristjánsdóttir
Ármann Guðmundsson
Árni Friðriksson
Árni Hjartarson
Ásta Elínardóttir
Ásta Gísladóttir
Björn M. Sigurjónsson
Elísabet Katrín Friðriksdóttir
Elva Dögg Gunnarsdóttir
Fríða Bonnie Andersen
Guðfinna Gunnarsdóttir
Guðmundur Erlingsson
Heiðdís Buzgó
Hildur Þórðardóttir
Hjördís Hjartardóttir
Hjörvar Pétursson
Hrefna Friðriksdóttir
Hulda B. Hákonardóttir
Hörður Skúli Daníelsson
Ingibjörg Hjartardóttir
Jón Guðmundsson
Jónína Óskarsdóttir
Júlía Hannam
Lára Óskarsdóttir
Loftur S. Loftsson
Magnús Teitsson
María Björt Ármannsdóttir
Nína Björk Jónsdóttir
Orri Ingþórsson
Sigríður Bára Steinþórsdóttir
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Sigrún Óskarsdóttir
Sigurður H. Pálsson
Snæbjörn Ragnarsson
Svanlaug Jóhannsdóttir
Sævar Sigurgeirsson
Una Mikaelsdóttir
Unnur Guttormsdóttir
V. Kári Heiðdal
Ylfa Mist Helgadóttir
Þorgeir Tryggvason
Þórarinn Stefánsson
Þórunn Guðmundsdóttir

FORMENN

Ingibjörg Hjartardóttir	1984–1989
Sigrún Óskarsdóttir	1989–1990
Hjördís Hjartardóttir	1990–1992
Sigrún Óskarsdóttir	1992–1996
Hulda B. Hákonardóttir	1996–1998
Hrefna Friðriksdóttir	1998–2002
Þorgeir Tryggvason	2002–2006
Sigurður H. Pálsson	2006–2008
Silja Björk Huldudóttir	2008–2012
Ásta Gísladóttir	2012–2016
Dýrleif Jónsdóttir	2016–2020
Þórarinn Stefánsson	2020–2022
Sesselja Traustadóttir	2022–

Þjóðsöngur Hugleiks

Þegar ég finn af þessu bragð
þá fer mér að hlýna,
eins og þú legðir ullarlagð
ofan á sálu mína.

Situr einn og segir frá,
sveitist við að ljúga.
Annar hlustar hrifinn á
og hamast við að trúa.

Sitja þar við sama borð
sex, og enginn lýgur.
Skemmtilegt og skrýtið orð
er Skólavörðustígur.

Lag: Björgvin Guðmundsson
Texti: Freysteinn Gunnarsson

Leikfélagið Hugleikur þakkar kærlega fyrir veittan stuðning:

LITRÓF

HARIBO

FIZZY POP

GAMLA BÍÓ
SAMKOMUHÚS

Borgarleikhúsið

Landsvirkjun




HUGLEIKUR